

Nýsköpunarsjóður námsmanna

ÍSLENSKIR ÞJÓÐSTÍGAR

Stefnumótun um gönguleiðir á Íslandi



September 2014



Reykjavík 2014

1. útgáfa

Ferðamálastofa

EFLA verkfræðistofa

Nýsköpunarsjóður námsmanna

Höfundur: Gísli Rafn Guðmundsson

Umsjónarmenn: Ólafur Árnason og Björn Jóhannsson

Forsíðumynd: Margrét Aðalsteinsdóttir (mynd tekin á Víknaslóðum 2010)

SAMANTEKT

Verkefnið Íslenskir þjóðstígar er verkefni sem unnið er af EFLU verkfræðistofu í sammvinnu við Ferðamálastofu og Nýsköpunarsjóð námsmanna. Verkefnið er þriggja mánaða rannsóknarverkefni sem unnið er af Gísli Rafni Guðmundssyni útskriftarnema í borgarhönnun við Háskólann í Lundi. Umsjónarmenn verkefnisins eru Ólafur Árnason fagstjóri skipulagsmála hjá EFLU verkfræðistofu og Björn Jóhannsson umhverfisstjóri Ferðamálastofu.

Viðfangsefni verkefnisins er að móta stefnu fyrir íslenskt þjóðstígakerfi (e. National Footpaths). Innan þjóðstígakerfisins yrðu vinsælustu gönguleiðir landsins. Mat er lagt á 15 gönguleiðir og gæðastaðall með skýrum viðmiðum þróaður. Meðal þeirra þátta sem mat er lagt á eru heildarlengd, gistimöguleikar, stikur og vörður, upplýsingaskilti, ástand stíga og aðgengi hjálparsveita að leiðinni. Laugavegurinn er þekktasti þjóðstígur landsins og áhyggjur af álagi á honum fara vaxandi. Með því að skilgreina aðrar leiðir sem þjóðstíga má auka athygli á fleiri leiðum og stuðla þannig að dreifðara álagi, og auknum tækifærum í ferðaþjónustu.

Nýsköpunargildi verkefnisins felst í því að mótuð er stefna út frá þjónustu og öryggi fyrir langar gönguleiðir, leiðir sem eru 2 dagleiðir eða lengri (30 km +). Nýsköpunargildið er ekki síður fólgið í því að sett eru viðmið sem gera það kleift að meta gæði gönguleiða. Verkefnið nýtist stjórnvöldum til stefnumótunar og lagasetningar sem miðar að því að efla og koma á vönduðu og vel skilgreindu gönguleiðakerfi á Íslandi. Verkefnið nýtist einnig Ferðamálastofu og öðrum stofnunum til áframhaldandi kynningar og stefnumótunar fyrir gönguleiðir, en einnig verða niðurstöðurnar meginþungi á ráðstefnu um gönguleiðir sem stefnt er að því að halda í mars 2015.

Niðurstaða verkefnisins er að þrjár leiðir uppfylla nú þegar lágmarksskilyrði íslenskra þjóðstíga, og lítið vantar upp á að fleiri leiðir komist í kerfið. Þá nýtist hluti verkefnisins inn í vinnu við aðgerðaráætlun um sjálfbæra ferðaþjónustu.



ENGLISH SUMMARY

The project is about National Footpaths in Iceland, and how that concept can be realised. The project is done by EFLA Consulting Engineers, in cooperation with The Icelandic Tourist Board and the Icelandic Students Innovation Fund. The project is a three months research project, conducted by Gísli Rafn Guðmundsson, Urban Design graduate at Lund University. Supervisors are Ólafur Árnason, provision manager at EFLA and Björn Jóhannson, Environmental Manager at the Icelandic Tourist Board.

The project forms a policy for National Footpaths in Iceland, which sets the framework for the main hiking trails in Iceland. 15 hiking trails were assessed in this project, and a clear quality standard was formed. The factors assessed in the quality standard are the following: Length, accommodation, markings, information stands, conditions of paths and accessibility for rescue teams. Laugavegurinn is the most known hiking trail in Iceland, and is visited by a growing number of tourists every year. By defining more trails as National Footpaths, efforts are made to reduce the tourist load on Laugavegurinn.

The innovation is that a policy about service and safety is formed for longer hiking routes, where paths must meet a certain criteria, and the criteria is set to make it possible to assess the quality of the footpaths. The project will be useful for authorities to create new policies and laws that aim to promote and establish a high quality network of hiking routes in Iceland. The results will also be used by the Icelandic Tourist Board and other government agencies for promotions and policy making for hiking routes. The results will furthermore be presented at a conference about hiking routes in Iceland in March 2015.

The main result is that three hiking routes already fulfill the criteria for becoming a part of the National Footpath project, and several others need small improvements to become a part of the project. Parts of the project may also be concluded in a comprehensive plan for sustainable tourism on a national level.



EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	8
Markmið	8
Áætlaðar niðurstöður og framhald verkefnisins	9
Meginskref	9
Aðferðafræði/Verkefnisnálgun	9
2. HVAÐ ERU ÍSLENSKIR ÞJÓÐSTÍGAR?	10
Hvað einkennir góða gönguleið?	10
Ávinningur	10
3. ÞJÓÐSTÍGAKERFI Í ÖÐRUM LÖNDUM	12
England og Wales	12
Skotland	13
Bandaríkin	13
Kanada	13
Nýja - Sjáland	13
Sviss	14
Perú	14
GR leiðir	14
Samantekt	14
4. ÍSLENSKIR ÞJÓÐSTÍGAR - STEFNUMÓTUN	16
Upplýsingaskilti og merkingar	16
Dagleiðir	17
Lög og reglugerðir	17
Umsjónarmenn leiða/ábyrgðaraðilar	17
Umsóknarferli	18

Aðgangsstýring	18
Flokkun leiða eftir erfiðleikastigi	19
5. STAÐALL TIL MATS Á GÖNGULEIÐUM Á ÍSLANDI	20
Þjónusta	20
Öryggi	20
Önnur atriði	20
Forsendur atriða í matsskala	21
6. FORVAL LEIÐA/TAKMARKANIR	22
7. LÝSING Á LEIÐUM	24
8. NIÐURSTÖÐUR	28
HEIMILDIR	31
VIÐAUKI 1	32
VIÐAUKI 2	34



MYNDA - OG TÖFLUSKRÁ

Allt efni er unnið af höfundum nema annað sé tekið fram.

Myndaskrá

Mynd 1. Á Pílagrímsleið. Mynd: pilgrimar.is

Mynd 2. Vatnsrof í gönguleið á Fimmvörðuhálsi (á leið niður í Bása) árið 2010. Mynd: Anna Sigríður Valdimarsdóttir.

Mynd 3. Breiða af Holtasóley (hárbrúðu) á jöklaurum. Mynd: Helga Árnadóttir.

Mynd 4. Hugsanlegar leiðir á Íslandi í komandi framtíð. Á kortinu eru birtar allar leiðir sem skoðaðar voru í verkefninu.

Myndir 5-6. Kort eru birtar af leiðum á vefsíðu National Trails, með öllum gagnlegum upplýsingum. Hver sem er getur uppfært kortin og bætt við upplýsingum á þau. Myndir: nationaltrails.co.uk

Mynd 7. Yfirlitskort af National Trails í Englandi og Wales. Mynd: nationaltrails.co.uk

Mynd 8. National Scotland's Great Trails. Mynd: The Scottish LDR Forum 2011

Mynd 9. Sníðteikning af Milford Track sem sýnir dagleiðir, sæluhús (skýli), skála og rútustöðvar. (Mynd, Department of Conservation).

Mynd 10. Skilti við gönguleið á Víknaslóðum. Mynd: Hafþór Snjólfrur Helgason.

Myndir 11-14. Myndir af ýmsum merkjum fyrir erlend gönguleiðakerfi.

Mynd 15. Heinabergslón. Mynd: Helga Árnadóttir.

Mynd 16. Ferðamálasofa, Umhverfisstofnun, Íslandsstofa og ráðuneyti þurfa að koma að ólíkum þáttum í verkefninu eigi það að verða að veruleika.

Mynd 17. Á Víknaslóðum. Mynd: Margrét Aðalsteinsdóttir.

Mynd 18. Í þoku á Reykjavegi. Mynd: Bárður Árnason.

Mynd 19. Á myndinni má sjá staðsetningu þeirra leiða sem metnar voru í verkefninu.

Mynd 20. Kerlingarfjöll. Mynd: Páll Gíslason.

Mynd 21. Látrabjarg. Mynd: Jóhann Svavarsson.

Mynd 22. Verkefnið íslenskir þjóðstígar getur nýst inn í vinnu um aðgerðaráætlun um sjálfbæra ferðaþjónustu.

Töfluskrá

Tafla 1. Samantekt atriða í erlendum þjóðstígakerfum.

Tafla 2. Hagsmunaaðilagreining. Æskilegir samstarfsaðilar.

Tafla 3. Matsskali sem þróaður var af höfundum og leiðbeinendum.

Tafla 4. Yfirlit yfir upplýsingar sem aflað var um gönguleiðir á Íslandi ásamt niðurstöðum úr matinu.

Tafla 5. Yfirlit yfir stöðu markmiða sem sett voru í upphafi verkefnisins.

Tafla 6. Samantekt á niðurstöðum verkefnisins.



1. INNGANGUR

Verkefnið *Íslenskir Þjóðstígar* er verkefni sem unnið er af EFLU verkfræðistofu í samvinnu við Ferðamálastofu og Nýsköpunarsjóð námsmanna. Verkefnið er þriggja mánaða rannsóknarverkefni sem unnið er af Gísla Rafni Guðmundssyni útskriftarnema í borgarhönnun við Háskólann í Lundi. Umsjónarmenn verkefnisins eru Ólafur Árnason fagstjóri skipulagsmála hjá EFLU verkfræðistofu og Björn Jóhannsson umhverfisstjóri Ferðamálastofu.

Viðfangsefni verkefnisins er að móta stefnu fyrir íslenskt þjóðstígakerfi (e. National Footpaths). Innan þjóðstígakerfisins yrðu vinsælustu gönguleiðir landsins. Mat er lagt á gönguleiðir og gæðastaðall með skýrum viðmiðum þróaður. Meðal þeirra þátta sem mat er lagt á eru heildarvegalegd, stíkur og vörður, upplýsingaskilti, ástand stíga og aðgengi björgunarsveita að leiðinni. Laugavegurinn er þekktasti þjóðstígur landsins og áhyggjur af álagi á honum fara vaxandi¹. Með því að skilgreina aðrar leiðir sem þjóðstíga má létta álaginu af Laugaveginum og dreifa því. Meðal leiða sem metnar eru í þessu verkefni eru Strútsstígur, Fimmvörðuháls og Víknaslóðir. Aðrar leiðir sem eru í þróun eru Pílagrímsleiðin og Jöklaleiðin en báðar þessar leiðir hafa gagn af þeirri kynningu sem þetta verkefni ýtir undir.

Verkefnið styður við sjálfbæra þróun þar sem í verkefninu eru kynntar leiðir sem tengjast

byggð og nýtast því nærsamfélögunum. Vonir eru bundnar við að verkefnið muni stuðla að uppbyggingu gönguleiða í sátt við samfélagið, og þannig stuðla að sjálfbærni í ferðaþjónustu til lengri tíma.

Nýsköpunargildi verkefnisins felst í því að mótuð er stefna út frá þjónustu og öryggi fyrir langar gönguleiðir, leiðir sem eru 2 dagleiðir eða lengri (30 km +). Nýsköpunargildið er ekki síður fólgið í því að sett eru viðmið sem gera það kleift að meta þjónustu- og öryggisstig gönguleiða. Verkefnið mun nýtast stjórnvöldum til stefnumótunar sem miðar að því að efla og koma á vönduðu og vel skilgreindu gönguleiðakerfi á Íslandi. Verkefnið nýtist einnig Ferðamálastofu og öðrum stofnunum til áframhaldandi stefnumótunar og uppbyggingar fyrir gönguleiðir, og verða niðurstöðurnar þannig til dæmis meginþungi á ráðstefnu um gönguleiðir sem stefnt er að því að halda í mars 2015.

Megin niðurstaða verkefnisins er að þrjár leiðir uppfylla nú þegar fullnægjandi skilyrði út frá settum viðmiðum og eru því hluti af Íslenskum þjóðstígum, en lítið vantar upp á að fleiri leiðir komist í kerfið.

Markmið

Aðalmarkmið er að vinna stefnumótun fyrir gæðakerfi gönguleiða á Íslandi (þjóðstígakerfi (e. *national trails*)). Einnig að létta á því mikla álagi sem „Laugavegurinn“ er undir með því að koma öðrum leiðum á „heimskortið“.

Markmið eru eftirfarandi:

- Skoða stöðu gönguleiða á Íslandi
- Meta leiðir sem erindi eiga í þjóðstígakerfi (e. *national trails*)
- Meta hversu mikið vantar upp á að valdar leiðir séu heildstæðar út frá settum viðmiðum
- Leiðir flokkaðar eftir því hversu mikið vantar upp á að leiðir séu heildstæðar
- Mynda staðal sem nýtist við stefnumótun, gæðaeftirlit og markaðssetningu gönguleiða á Íslandi
- Eftirlit sé haft með ástandi leiða og viðeigandi framkvæmdir gerðar jafnóðum



Mynd 1. Á Pílagrímsleið. Mynd: pilagrimar.is



¹ Anna Dóra Sæþórsdóttir og Þorkell Stefánsson (2012)

Áætlaðar niðurstöður og framhald verkefnisins

Niðurstaða verkefnisins er staðall til mats á gönguleiðum sem verða hluti af þjóðstígakerfinu (e. national footpaths). Fyrirmynd að slíkum staðli er sótt til ýmissa landa erlendis.

Vinnan mun nýtast til áframhaldandi þróunar á vönduðum gönguleiðum á Íslandi. Slíkt er mikilvægt til þess að hvati sé að því að sinna nauðsynlegu viðhaldi á gönguleiðum og koma í veg fyrir skaða á náttúrunni vegna átroðnings ferðamanna.

Meginskref

Verkefnið skiptist í sjö hluta:

1. Skilgreining verkefnis og kynning þess.
2. Rýni á núverandi stöðu gönguleiða á Íslandi.
3. Rýni á þjóðstígakerfi í öðrum löndum.
4. Drög að stefnumótun fyrir íslenska þjóðstíga.
5. Staðall myndaður sem nýtist við stefnumótun, gæðaeftirlit og markaðssetningu gönguleiða á Íslandi.
6. Leiðir metnar sem erindi eiga í þjóðstígakerfi (e. national trails), og þær sem ekki eiga erindi.
7. Frekari gagnaöflun og kortlagning á völdum leiðum. Eftirfarandi upplýsinga er aflað um hvern leiðarhluta: Heildarlengd, lengd dagleiða, stikur og vörður, upplýsingaskilti, og aðgengi björgunarsveita að leiðinni.
8. Mat á hversu mikið vantar upp á að leiðir séu heildstæðar út frá settum viðmiðum.

Metnar eru 15 gönguleiðir en þær eru eftirfarandi: Reykjavegur, Pílagrímsleið, Gamli Kjalvegur, Fimmvörðuháls, Laugavegur, Kerlingarfjallahringur, Strútsstígur-Sveinstindur, Jöklaleið, Austurstræti, Öskjuvegur, Víknaslóðir, Galdraslóð, Hornstrandir, Vesturfirðir og Vatnaleið. Leiðirnar sem valdar eru í þessu verkefni nýttust til þróunar á matsskalanum og skilgreiningu á þeim lágmarkskröfum sem gerðar eru til leiða innan íslenska þjóðstígakerfisins, en ekki er um tæmandi lista leiða að ræða. Fjallað er nánar um val leiða í kafla sex.

Aðferðafræði/Verkefnisnálgun

Gerð er úttekt á þjóðstígakerfum í öðrum löndum og gerð tillaga að tilhögun á sambærilegu kerfi hér á landi. Þá er gerður staðall sem nýtist til leiðbeiningar og mats varðandi ákveðna þætti sem mikilvægir eru í tengslum við gönguleiðir.

Rannsókn er gerð á mögulegum valkostum á leiðum sem geta orðið hluti af gönguleiðakerfinu *Íslenskir þjóðstígar*. Leiðirnar eru settar fram hver fyrir sig á korti ásamt matsblaði með upplýsingum um leiðina og matsskala. Í matsskalanum eru metin þau atriði sem talin eru mikilvæg fyrir góðar gönguleiðir. Þá eru upplýsingar birtar, svo sem lengd leiðar, sveitarfélög sem leiðin fer um auk annarra athugasemda um leiðina og núverandi ástand hennar.

Ákveðnar leiðir eru það erfiðar og/eða hættulegar að þær þarfnast leiðsögumanna. Þær leiðir verða að öllum líkindum ekki hluti af Íslenskum þjóðstígum, enda of krefjandi. Gert er ráð fyrir að leiðir innan Íslenska þjóðstígakerfisins eigi að vera opnar tiltölulega breiðum hópi notenda. Þær eru flestar krefjandi, en gert er ráð fyrir að göngufólk sé í góðu líkamlegu formi, en ekki þurfi sérhæfða þjálfun, eins og til dæmis þjálfun í fjallaklifri.



Mynd 2. Vatnsrof í gönguleið á Fimmvörðuhálsi (á leið niður í Bása) árið 2010. Mynd: Anna Sigríður Valdimarsdóttir.



Mynd 3. Breiða af Holtasóley (hárbrúðu) á jökulaurum. Mynd: Helga Árnadóttir.



2. HVAÐ ERU ÍSLENSKIR ÞJÓÐSTÍGAR?

Íslenskt þjóðstígakerfi hvetur almenning og ferðamenn til að nálgast áhugaverðar gönguleiðir auk þess að skapa verðmæti og tækifæri í ferðaþjónustu á svæðum í námunda við leiðir innan kerfisins.

Ávinningur íslenskra þjóðstígakerfisins er einna helst kynning á fleiri gönguleiðum til að létta á umferð ferðamanna við vinsælustu leiðirnar og þar af leiðandi stuðla að frekari dreifingu ferðamanna um landið. Slíkt hefur lengi verið talið æskilegt þar sem álag á fjölförnustu ferðamannastöðunum vekur upp áhyggjur. Þá getur kerfi íslenskra þjóðstíga verkað sem hvati að uppbyggingu innviða og eftirlits þar sem ákveðnar gæðakröfur eru settar á leiðirnar. Það nýtist einnig notandanum að innan kerfisins eru aðeins gönguleiðir sem uppfylla ákveðnar forsendur, hann veit því að hverju hann gengur. Að lokum má nefna að leiðirnar skapa að sjálfsögðu ýmis tækifæri fyrir sjálfbærni og sjálfbærni.

Lagt er til að við hverja leið verði skilgreindur umsjónarmaður leiðar sem sinnir eftirliti, hefur yfirumsjón með viðhaldi og er tengiliður við ferðamenn, ábyrgðaraðila og stofnanir svo sem Umhverfisstofnun og Ferðamálastofu.

Áríðandi er að nægilegt fjármagn verði lagt til verkefnisins til þess að ástandi gönguleiða sé viðhaldið með viðunandi hætti. Áætlað er að íslenskir þjóðstígar uppfylli ákveðnar kröfur um hönnun og skipulag, viðhald og innviði.

Að auki er mikilvægt að vinna náið að skipulagi og með hagsmunaaðilum, til að mynda:

- Landeigendum sem eiga land sem leið fer yfir
- Einkaaðilum sem sinna þjónustu á svæðinu, þar með talið aðila í ferðaþjónustu
- Staðbundnum aðilum sem not hafa af leiðinni, munu þjónusta hann eða hafa starfsemi tengda leiðinni
- Stofnanir og samtök sem gætu vakið athygli á kostum leiðarinnar/leiðakerfisins, svo sem til dæmis embætti landlæknis í tengslum við lýðheilsu
- Sveitarfélögum sem leiðir fara um

Hvað einkennir góða gönguleið?

Skipulögð gönguleið auðveldar aðgengi ferðamanna að ákveðnum svæðum sem ferðamenn hafa áhuga á að skoða og kynnast nánar. Hún hefur ákveðið gildi sem vekur áhuga ferðamanna, til dæmis út frá landslagi, útsýni, náttúruferðum, menningararfleifð eða sögu. Gönguleiðin þarf að vera fjölbreytt, þannig að ferðamaðurinn sé að upplifa nýja hluti með reglulegu millibili. Þá þurfa fyrir flesta ferðamenn að vera til staðar lágmarks innviðir og þjónusta, svo sem möguleikar á gistingu auk salernis. Einnig þurfa merkingar að vera í lagi til þess að tryggja öryggi og auðvelda ferðamönnum að rata, en einnig ítarleg upplýsingaskilti með helstu upplýsingum.

Ávinningur


Með verkefninu fæst heildaryfirlit yfir leiðir sem mögulegt er að geti orðið hluti af íslenskum þjóðstígum í náninni framtíð, en möguleikum á að fleiri leiðir geti bæst við síðar haldið opnum. Þá er mynduð heildarstefna fyrir vandað kerfi gönguleiða á Íslandi, þar sem viðmið vegna þeirra eru að auki samræmd. Þá er öryggi ferðamanna aukið með auknu eftirlit, skipulagi og ákveðnum kröfum um betri innviði.

Fjallað er lítillega um aðgangsstýringu, en líkur eru á að aðgangsstýring verði sett á sumum gönguleiðum, þar sem víða er komið að þolmörkum hvað fjölda ferðamanna varðar. Þá er mikilvægt að innviðir séu hannaðir á þann hátt að þeir hafi sem minnst neikvæð áhrif á upplifun náttúrunnar, til þess að skemma ekki gildi hennar fyrir ferðamönnum.

Ávinning af verkefninu Íslenskir þjóðstígar má draga saman í eftirfarandi:

- **Aðgengi:** Auðveldað aðgengi göngufólks að áhugaverðum gönguleiðum
- **Álag:** Dreifir álagi ferðamanna víðar um landið
- **Tækifæri:** Skapar tækifæri í ferðaþjónustu
- **Umhverfisvitund:** Eykur áhuga og vitund fyrir landi og landgæðum við leiðirnar, bæði heimamanna og aðkomufólks
- **Verðmætasköpun:** hvetur til nýsköpunar í ferðaþjónustu í formi vermætasköpunar, svo sem út frá menningu, sögu, eða náttúru.
- **Heilsurækt:** Hvetur til útivistar og hreyfingar





Mynd 4. Hugsanlegar leiðir á Íslandi í komandi framtíð. Á kortinu eru birtar allar leiðir sem skoðaðar voru í verkefninu.



3. ÞJÓÐSTÍGAKERFI Í ÖÐRUM LÖNDUM

Víða hafa verið þróuð kerfi gönguleiða. Hér verður litið til nokkurra landa þar sem kerfi gönguleiða hefur þegar verið þróað. Niðurstöður samanburðar á kerfunum er að finna í töflu 1.

England og Wales

National Trails í Englandi og Wales samanstanda af 16 mismunandi leiðum sem hægt er að fara gangandi, hjólandi eða riðandi á hesti. Þróun á leiðunum hófst fyrir 60 árum, í þeim tilgangi að tryggja vernd og auðvelda aðgengi að mikilvægum stöðum innan Englands og Wales.

Leiðirnar eru fjölbreyttar og hver leið hefur sína sérstöðu sem nýtt er til kynningar. Leiðirnar eru því kynntar á þann hátt að hver leið fer um áhugavert svæði, sem vert er að skoða. Þannig hefur hver leið ákveðið gildi, sem dæmi út frá sögulegu samhengi, jarðsögulegu, náttúrufarslegu eða trúarlegu. Á vefsíðunni nationaltrails.co.uk eru birtar ýmsar upplýsingar um leiðirnar, meðal annars²:

- Kort af leiðinni
- Upplýsingar um hvernig maður kemst að leiðinni
- Upplýsingar um trússþjónustu
- Upplýsingar um umsjónarmann leiðar (e. *Trail Manager*)
- Upplýsingar um ferðaðjónustuaðila á svæðinu.



Myndir 5-6. Kort eru birtar af leiðum á vefsíðu National Trails, með öllum gagnlegum upplýsingum. Hver sem er getur uppfært kortin og bætt við upplýsingum á þau. Myndir: nationaltrails.co.uk

Allir geta bætt við upplýsingum um leiðirnar á kortin. Hugsunin er að ferðalangar bæti við gagnlegum upplýsingum auk þess sem ferðaðjónustuaðilar geta einnig bætt við upplýsingum til að kynna þjónustu sína².

Ábyrgðaraðilar leiðanna eru staðbundin yfirvöld (sveitarfélög), en ákveðnir umsjónarmenn hverrar leiðar sjá um daglegan rekstur og viðhald í samráði við héraðsyfirvöld og stjórn þjóðgarða og verndarsvæða. Auk þess bera þeir ábyrgð á að leiðin uppfylli kröfur National Trails kerfisins. Viðhald er framkvæmt af staðbundnum yfirvöldum (sveitarfélögum), auk landeigenda og oft í samráði við sjálfboðaliða².



Mynd 7. Yfirlitskort af National Trails í Englandi og Wales. Mynd: nationaltrails.co.uk

² National Trails (e.d.)



Yfirumsjón, stefnumótun og markaðssetning, auk fjármögnunar er í höndum Stofnunar um náttúruauðlindir í Wales og Náttúrulega England (*e. Natural Resources Wales and Natural England*)².

Skotland

Í Skotlandi er verkefni sem náttúrufræðistofnun Skotlands (Scottish Natural heritage) heldur utan um og heitir Scotland's Great Trails. Scotlands Great Trails inniheldur margar leiðir, og er eins konar regnhlífarverkefni fyrir leiðir innan kerfisins en ein vefsíða er fyrir verkefnið þar sem hægt er að smella á ákveðinn landshluta og þaðan tengjast inn á aðrar sjálfstæðar heimasíður fyrir hverja leið fyrir sig. Þar koma síðan fram gistimöguleikar, samgöngur og nánari útskýring á leiðinni á korti³.



Mynd 8. National Scotland's Great Trails. Mynd: The Scottish LDR Forum 2011

Náttúrufræðistofnun Skotlands hefur gefið út skýrslu um þróun langra ferðaleiða þar sem fjallað er nánar um þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til leiða innan kerfisins⁴.

Bandaríkin

Í Bandaríkjunum er verkefni sem heitir National Recreation Trails. American Trails er svo heitið á vefsíðu sem birtir kort af gönguleiðum. Kröfur fyrir National Recreational Trails eru meðal annars eftirfarandi⁵:

- Auðveldað aðgengi almennings til útivistar
- Viðeigandi hönnun og skipulag
- Áætlun um framkvæmd og viðhald
- Samþykki landeigenda liggi fyrir

Staðarhaldari eða aðili í ferðaþjónustu sækir um aðild að samtökunum, og fær að nota merki verkefnisins að uppfylltum skilyrðum sem sjá má hér að ofan⁵.



Kanada


Í Kanada er verkefni sem nefnist Hike Canada og hefur að markmiði að tengja Atlantshafið við Kyrrahafið með gönguleið gegnum Kanada. Hvert fylki (*e. province*) hefur einn til tvo fulltrúa í verkefninu, en göngu- og ferðafélög taka einnig þátt í verkefninu. Verkefnið virðist þó skammt á veg komið en takmarkaðar upplýsingar eru birtar á vefsíðu verkefnisins⁶.

Nýja - Sjáland

Umhverfisstofnun Nýja Sjálands (*e. Department of Conservation*) hefur yfirumsjón með gönguleiðum sem kallast *Great Walks* sem samanstendur af 9 leiðum. Bókun og greiðsla á fer fram fyrirfram á netinu, en þannig næst yfirsýn yfir fjölda gesta. Bannað er að tjalda á leiðinni, en allir sem bóka eru með skálagistingu. Þá mega aðeins vera ákveðið margir ferðamenn á leiðinni á hverjum tíma (til dæmis 40 manns í hverjum náttstað á Milford Track) en það þýðir að uppselt er á leiðinni á hverju ári svo það þarf að bóka með góðum fyrirvara. Gengið er í eina átt (einstefna) sem leiðir af sér að göngumenn þurfa ekki að mæta öðrum göngumönnum á leiðinni (nema til að taka fram úr). Í hverjum náttstað fer skálavörður yfir öryggisatriði næstu dagleiðar og greinir frá mögulegum hættum og hvað ber að varast á þeirri dagleið, ásamt fleiri gagnlegum upplýsingum⁷.

Þetta kerfi leiðir af sér að yfirsýn er höfð yfir fjölda einstaklinga sem staddur er á leiðinni

ELEVATION PROFILE



Mynd 9. Sniðteikning af Milford Track sem sýnir dagleiðir, sæluhús (skýli), skála og rútustöðvar. (Mynd, Department of Conservation).

³ Scotlands's Great Trails (2011)
⁴ Peter Scott Planning Services (2010)
⁵ National Recreation Trails (e.d.)
⁶ Hike Canada (e.d.)
⁷ Department of Conservation (e.d.)

hverju sinni. Það leiðir af sér aukið öryggi fyrir ferðamenn, þar sem hægt er að fylgjast náið með ferðum þeirra, auk þess sem persónuupplýsingar eru aðgengilegar í bókunarkerfi leiðarinnar.

Sviss

Í Sviss er starfrækt miðlæg vefsíða um ferðaleiðir í landinu sem nefnist Switzerland Mobility. Undir því er verkefnið Hiking in Switzerland þar sem eru birtar gönguleiðir, en þeim er skipt í fjóra hluta: göngustíga (hiking trails), fjallastíga (mountain trails) og fjallaleiðir (alpine route).

SwitzerlandMobility er net ferðaleiða fyrir óvélknúin farartæki, sérstaklega hugsað fyrir afþreyingu og ferðamennsku (gönguferðir, hjóleiðar, fjallahjóleiðar, skauta og bátsferðir). Bakhjarl verkefnisins er SwitzerlandMobility sjóðurinn, en að honum standa ýmis samtök, en einnig ýmsar opinberar stofnanir, kantónurnar auk Liechtenstein⁸.

Perú

Machu Piccu í Perú er mjög vinsæll ferðamannastaður, enda á heimsminjaskrá UNESCO. Gönguleiðin að Machu Piccu tekur þrjá daga og er kölluð Inkaslóð. Bókun og greiðsla fer fram fyrirfram á netinu, en takmörkun er á fjölda ferðamanna á leiðinni. Meðal þess sem er innifalið í verðinu er leiðsögumaður, sem hefur það hlutverk að aðstoða göngufólk, en einnig að leiðbeina um umgengni á svæðinu og þannig gegna hlutverki eins konar eftirlitsmanns. Umsjón og eftirlit með leiðinni í heild sinni er í höndum menningarmálastofnunar (National Institute of Culture)⁹.

GR leiðir

GR leiðir er net langra gönguleiða í Evrópu, aðallega í Frakklandi, Belgíu, Hollandi og Spáni. Leiðirnar eru merktar með hvítum og rauðum strikum sem málaðar eru lárétt hver ofan á aðra. Leiðirnar eru merktar reglulega meðfram leiðunum, sérstaklega þó á stígamótum. Stígum er haldið við af ýmis konar ferðafélögum, í Frakklandi er stígum viðhaldið af franska göngusambandinu og á Spáni af spænska fjallaferðasambandinu¹⁰.

Samantekt

Ljóst er að flest Vesturlönd hafa skilgreint einhvers konar kerfi gönguleiða. Eðlilegt er að slíku kerfi sé einni komið á hér á landi, til þess að auðvelda aðgengi, tryggja öryggi og samræma skilgreiningar og kröfur á íslenskum gönguleiðum.

Einnig er mikilvægt að nægilegt fjármagn sé tryggt til viðhalds og reksturs á gönguleiðum, rétt eins og á öðrum ferðamannastöðum.

Á Nýja-Sjálandi er góð reynsla af að beina ferðamönnum á ákveðnar gönguleiðir með góðum innviðum, eftirlit, stjórnun og viðhaldi. Það hefur ennfremur í för með sér að aðrar gönguleiðir á viðkvæmum svæðum eru undir minna álagi en ella. Hugsanlega gæti Ísland valið að fara svipaða leið, en margt er líkt með þessum tveimur löndum. Til að mynda eru ósnortin víðerni stór á báðum stöðum, gróðurfar er viðkvæmt og hættur leynast víða óreyndum ferðamönnum. Einnig eru bæði löndin strjálbýl. Með því að beina ferðamönnum á valda staði, sinna viðhaldi og hafa til staðar lágmarksinnviði má koma í veg fyrir skemmdir á náttúrunni. Þannig næst yfirsýn yfir ferðir ferðamanna og hægt er að halda viðkvæmum svæðum utan meginumferð ferðamanna. Kosti þess að beina ferðamönnum á ákveðin svæði má taka saman í eftirfarandi:

- Yfirsýn næst yfir umferð ferðamanna
- Auðveldara er að tryggja öryggi ferðamanna
- Hægt er að vernda viðkvæm svæði fyrir átroðningi
- Fjármagni er beint til framkvæmdar og viðhalds á ákveðnum svæðum



Mynd 10. Skilti við gönguleið á Víknaslóðum. Mynd: Hafþór Snjólfrur Helgason.

⁸ SwitzerlandMobility Foundation (e.d.)

⁹ Inka Trail Reservations (e.d.)

¹⁰ Wikipedia (e.d.)



Land	Heiti kerfis	Miðlæg vefsíða	Umsjónaraðilar	Aðgangseyrir/skráning	Aðgangsstýring	Þjónusta*
England og Wales	National Trails	www.nationaltrails.co.uk	Natural resources Wales Natural England	Nei	Nei	m
Skotland	Scotland's Great Trails	scotlandsgreattrails.org.uk	Scotland's Natural Heritage	Nei	Nei	m, us
Bandaríkin	National Recreation Trails	www.americantrails.org/ee/index.php/nationalrecreationtrails	Department of Conservation	Nei	Nei	-
Kanada	Hike Canada	www.hikecanada.org/en/	Hike BC The Alberta Hiking Association Hike Ontario The Fédération québécoise de la marche Hike Nova Scotia	Nei	Nei	-
Nýja - Sjáland	Great Walks	www.doc.govt.nz/parks-and-recreation/tracks-and-walks/great-walks/	Department of Conservation	Já	Já	gm, as, m, us
Swiss	SwitzerlandMobility	www.wanderland.ch/en/hiking-in-switzerland.html	SwitzerlandMobility Foundation Swiss Hiking Federation	Nei	Nei	us
Perú	The Inca Trail	incatrailreservations.com	National Institute of Culture	Já	Já	gm, l
Frakkland, Belgía, Holland og Spánn	GR footpath	-	Ýmis ferðafélög	Nei	Nei	-

* Gistimöguleikar (gm), almenningssamgöngur (as), merkingar (stíkur og vörður) (m), upplýsingaskilti (us) og leiðsögumaður (l).

Tafla 1. Samantekt atriða í erlendum þjóðstígakerfum.



4. ÍSLENSKIR ÞJÓÐSTÍGAR - STEFNUMÓTUN

Meðal markmiða verkefnisins var að mynda heildarstefnu fyrir lengri gönguleiðir (tvær dagleiðir eða lengri). Stefnumótunin tekur á fjölmörgum þáttum, en þeim er skipt í eftirfarandi hluta:

- Upplýsingaskilti og merkingar
- Dagleiðir
- Lög og reglugerðir
- Umsjónarmenn leiða/ábyrgðaraðilar
- Umsóknarferli
- Samstarfsaðilar og hlutverk þeirra
- Aðgangsstýring
- Flokkun leiða eftir erfiðleikastigi

Upplýsingaskilti og merkingar

Gefin hefur verið út vönduð handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum á Íslandi. Handbókin er samstarfsverkefni Vatnajökulspjóðgarðs, Umhverfisstofnunar,

Ferðamálastofu og Þingvallabjóðgarðs. Handbókin þjónar sem hönnunarstaðall fyrir aðildarstofnanirnar en er jafnframt ætluð öllum þeim er koma að mótun umhverfis ferðamanna á Íslandi og samræmir merkingar á ferðamanna- og náttúruverndarsvæðum á Íslandi¹¹. Lagt er til að handbókin verði notuð til leiðbeiningar um gerð merkinga og upplýsingaskilta fyrir íslenska þjóðstíga. Þó er gert ráð fyrir að ákveðið merki (logo) verði útbúið fyrir Íslenska þjóðstíga, líkt og dæmi eru um í sambærilegum verkefnum í öðrum löndum.

Vegna sérstakra aðstæðna hér á landi er talið nauðsynlegt að sett séu upp upplýsingaskilti í hverjum náttstað, og við upphaf og endi hvernar leiðar. Æskilegt er að upplýsingaskiltin upplýsi um eftirfarandi atriði á öllum dagleiðum:

- Mögulegar hættur á leið
- Upplýsingar um lágmarksútbúnað
- Við hverju megji búast á leiðinni (t.d. með tilliti til veðurs)
- Mögulegar hættur á leiðinni (bratti, skriður, klettur, vatnsföll)
- Vegalengd
- Ferðatími
- Öryggisatriði
- Eigin ábyrgð ferðamanna
- Erfiðleikastig
- Reglur sem gilda á leiðinni
- Öryggi
- Upplýsingar (fræðsla) um náttúru og staðhætti
- Upplýsingar um viðkvæm/vernduð svæði
- Upplýsingar um tengilið/ábyrgðaraðila leiðar



Myndir 11-14. Myndir af ýmsum merkjum fyrir erlend gönguleiðakerfi.



¹¹ Guðrún Ingvarsdóttir, Annetta Scheving, Árni Jón Sigfússon og Gústaf Vífilsson (e.d.)

Dagleiðir

Miðað er við að hver dagleið sé á bilinu 10-20 kílómetrar, og fari að mestu um óbyggð svæði, en ekki til dæmis meðfram bílvegum nema á stuttum köflum.

Lög og reglugerðir

Samkvæmt íslenskri löggjöf þarf ekki samþykki landeigenda fyrir því að fara um óræktað svæði. Óheimilt er að fara um ræktað svæði, en í þeim tilvikum sem íslenskir þjóðstígar fara um ræktað svæði þyrfti samþykki landeigenda. Í 18/24/30 grein laga um náttúruvernd kemur fram eftirfarandi¹²:

18. grein:

„Mönnum er heimilt, án sérstaks leyfis landeiganda eða rétthafa, að fara gangandi, á skíðum, skautum og óvélnúnum sleðum eða á annan sambærilegan hátt um óræktað land og dveljast þar. Þó er í sér sökum tilíku heimilt að takmarka eða banna með merkingum við hlið og stíga för manna og dvöl á afgirtu óræktaðu eignarlandi í byggð ef það er nauðsýlegt vegna nýtingar þess eða verndunar.“

„För um ræktað land, sbr. 20. tölul. 5. gr., og dvöl þar er háð samþykki eiganda þess eða rétthafa. Sama gildir um skógræktarsvæði í byggð sem ekki eru í eigu eða umsjá ríkis eða sveitarfélaga, önnur en náttúrulega birkiskóga og kjarr. Sé skógrækt styrkt með opinberu fé skal kveða svo á í samningi við eiganda eða rétthafa lands að hann tryggi almenningi með reglum sem hann setur frjálsa för m landið eftir að fyrstu stigum skógræktar er lokið.“

24. grein:

„Þegar skipulagðar eru hópferðir um eignarlönd í byggð eða þar sem ónæði gæti valdið við nýttar skal hafa samráð við eiganda lands eða rétthafa um umferð manna og dvöl á landi hans.“

„Eftir því sem við verður komið skal tjalda á skipulögðum tjaldsvæðum sé gert ráð fyrir að gista í tjöldum í slíkum ferðum.“

30. grein:

„Til stuðnings við útivist geta sveitarfélög, Umhverfisstofnun eða einstakar náttúruverndarnefndir gengist fyrir að halda opnum göngustígum, strandsvæðum til sjóbaða, vatnsbökkum og öðrum stígum og svæðum sem ástæða er til að halda opnum til að greiða fyrir því að almenningur fái notið náttúrunnar; enn fremur sett upp göngubrýr, hlið og göngustíga og afmarkað tjaldsvæði og gert annað það er þurfa þykir í þessu skyni. Heimildin nær einnig til þess að merkja leiðir á óræktaðu landi, nema svæðum þar sem umferð er takmörkuð skv. 2. málsl. 1. mgr. 18. gr. Þess kal gætt við undirbúning framkvæmda að þær falli sem best að svipmóti lands.“

„Framkvæmdir samkvæmt þessari grein eru háðar samþykki eiganda eða rétthafa lands. Þó er samþykki ekki skilyrði fyrir merkingu leiða á óræktaðu landi en áskilið að samráð sé haft við eiganda lands eða rétthafa.“

Um skipulagðar hópferðir í atvinnuskyni segir í 22. grein laga um náttúruvernd¹²:

„Þegar skipulagðar eru hópferðir í atvinnuskyni um eignarlönd skal hafa samráð við eiganda lands eða rétthafa um umferð manna og dvöl á landi hans. Eftir því sem við verður komið skal tjalda á skipulögðum tjaldsvæðum sé gert ráð fyrir að gista í tjöldum í ferðinni.“

Umsjónarmenn leiða/ábyrgðaraðilar

Lagt er til að við hverja leið verði skilgreindur umsjónarmaður leiðar sem sinnir eftirliti, annast yfirumsjón með viðhaldi og er tengiliður við ferðamenn, ábyrgðaraðila og stofnanir svo sem Umhverfisstofnun og Ferðamálastofu. Umsjónarmenn leiða eru að auki mikilvægir tengiliðir við hagsmunaaðila og notendur hvernar leiðar, og geta gefið upplýsingar um viðhaldsþörf og óskir og þarfir notenda. Þá sjá þeir um að leiðin uppfylli kröfur sem settar eru um leiðir innan íslenskra þjóðstíga. Lagt er til að umsjónarmenn falli undir Umhverfisstofnun, og skipulag starfsins sé svipað og hjá landvörðum, þó hlutverk þeirra sé annað.

Með skipun umsjónarmanns er kominn ábyrgðaraðili á leiðinni, en mikilvægt er að birta ekki leiðir opinberlega fyrr en fjármagn fyrir viðhaldi og eftirliti sé tryggt. Einnig má hugsa sér að fyrirbyggjandi fjármagni verði veitt til leiða áður en þær verði kynntar sem hluti íslenska þjóðstígakerfisins. Þannig mætti fara í fyrirbyggjandi aðgerðir til þess að komast hjá skemmdum á leiðinni sem aukin umferð gæti valdið.



Mynd 15. Heinabergslón. Mynd: Helga Árnadóttir.

¹² Lög um náttúruvernd (1999)




Umsóknarferli

Til þess að verða hluti af íslenskum þjóðstígum yrði að sækja um aðild og leið þyrfti að vera samþykkt af Ferðamálastofu. Ef leiðin yrði samþykkt myndi koma til árlegur styrkur til eftirlits, rekstrar og framkvæmda. Umsóknaraðili gæti sem dæmi verið aðili í ferðapjónustu, sveitarfélag eða félagasamtök. Umsóknaraðili yrði þannig jafnframt ábyrgðaraðili á leiðinni. Hægt væri að styðjast við umsóknarkerfi að erlendri fyrirmynd, til dæmis frá Skotlandi. Til þess að leið geti orðið hluti af Scotland's Great Trails þjóðstígakerfinu þarf umsóknaraðili að fylla út eyðublað sem aðgengilegt er á heimasíðu Scottish Natural Heritage. Á eyðublaðinu er hakað við þar sem við á en eftirfarandi þættir eru meðal þeirra sem metnir eru¹³:

- Yfirborð stíga
- Hindranir (gróður, girðingar)
- Upplýsingar til notenda
- Þjónusta og aðstaða í boði fyrir notendur
- Heilsa og öryggi notenda

Aðgangsstýring

Aðgangsstýring gæti verið álitlegur kostur í mörgum tilvikum en þyrfti að skoða í hverju tilviki fyrir sig. Takmörkun á gistirými innanhúss hefur hingað til virkað ágætlega sem aðgangsstýring við gönguleiðir hér á landi. Misjafnt er hversu marga ferðamenn hver leið þolir, en gera þyrfti athugun á því og áætla hve marga ferðamenn hver leið þolir, og takmarka gistirými út frá þeim niðurstöðum.



¹³ Scottish Natural Heritage (2011)

Mynd 16. Ferðamálastofa, Umhverfisstofnun, Íslandsstofa og ráðuneyti þurfa að koma að ólíkum þáttum í verkefninu eigi það að verða að veruleika.

Hagsmuna - og samstarfsaðilar	Hlutverk og tilgangur
<i>Æskilegir samstarfsaðilar</i>	
Ferðamálastofa	Lýsing á verkefni; kynning innanlands.
Umhverfisstofnun	Annast eftirlit með því að gönguleiðir séu nýttar á sjálfbærán hátt. Sjá einnig um umsjónarmenn leiða.
Íslandsstofa	Kynna verkefnisins erlendis.
Almenningssamgöngu-fyrirtæki.	Koma á tengingu við leiðir í samráði við ábyrgðaraðila leiðar.
Samband íslenskra sveitarfélaga	Veita upplýsingar um verkefnið til sveitarfélaga.
Slysavarnarfélag og björgunar- og hjálparsevitir	Sinna forvarnarstarfi, fræðslu og sinna útköllum.
Lýðheilsustöð	Stuðningur og fræðsla um gönguleiðir og útivist.
Vegagerðin	Veita upplýsingar um vegi, slóða og stíga og ástand þeirra.
Fyrirtæki í ferðaþjónustu	Lykilaðilar sem nýta leiðir, stunda ferðaþjónustu í námunda við þær og þjónusta göngufólk á leiðunum. Leiðsöguvyrirtæki.
Landmælingar Íslands	Samstarf um kort.
Ferðafélög	Umsjónaraðilar.
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Frumvörp og umboð til stofnana.
Umhverfissráðuneyti	Frumvörp og umboð til stofnana.
Samtök ferðaþjónustunnar	Stefnumótun; samræming.
Ferðaþjónusta bænda	Gisting, þjónusta, o.s.frv.
Landeigendur	Veita leyfi fyrir leiðum, gætu mögulega annast viðhald og framkvæmd.
Háskólastofnanir	Stunda rannsóknir á sviði ferðaþjónustu, skipulags og landnotkun tengdri ferðaþjónustu.
Landgræðsla ríkisins	Stundar rannsóknir á þörmörkum gróðurs vegna ágangs ferðamanna.
Minjastofnun	Umsagnaraðili og veitir leyfi ef leiðir hafa áhrif á fornminjar.
Vatnajökulsþjóðgarður	Samstarf um leiðir innan marka þjóðgarðsins.

Tafla 2. Hagsmunaaðilagreining. Æskilegir samstarfsaðilar.



Flokkun leiða eftir erfiðleikastigi

Í Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum er tilgaga að flokkun gönguleiða eftir erfiðleikastigi. Flokkunin er eftirfarandi¹⁴:

- **Blátt - auðvelt:** Góðir og sléttir stígar að jafnaði án teljandi hindrana eða erfiðleika.
- **Rautt - krefjandi:** Leiðir og stígar sem geta falið í sér lengri óslétta og erfiða kafla og hindranir svo sem óbrúaða læki og minni ár, lausamöl, há uppstig o.s.frv.
- **Svart - erfitt:** Leiðir og stígar sem fela í sér hindranir og erfiðleika á borð við stærri óbrúaðar ár, brattlendi og klettahöft, sem óvönnum og við slæmar aðstæður getur verið hættulegt.

Á vefsíðunni visitnorway.com í Noregi er notast við eftirfarandi skilgreiningu gönguleiða¹⁵:

- **Græn:** Auðveld leið. Stuttar gönguleiðir, hentar fyrir breiðan hóp þar sem enngar sérstakrar færni er krafist.
- **Blá:** Krefst grundvallarfærni. Minna en fjórar klukkustundir að lengd. Fleiri krefjandi kaflar en á grænum leiðum. Hækkun minni en 400 metrar.
- **Rauð:** Krefjandi leið. Fyrir reynslumikið göngufólk í góðu líkamlegu formi. Krefst viðeigandi göngubúnaðar. Tegund leiðar: stígar, opin svæði, klettar, skriður og fjallendi. Minna en sex klukkustundir að lengd. Hækkun minni en 800 metra.
- **Svört:** Leið fyrir mjög vant fjallgöngufólk. Aðeins fyrir göngufólk í mjög góðu líkamlegu formi. Krefst góðs göngubúnaðs og korta, auk áttavita og þekkingu til að nota þá. Tegund leiðar: lengri og/eða meira krefjandi en rauðar gönguleiðir. Engin lágmarkslengd - eða hækkun.

Ekki verður farið ítarlega í flokkun leiða eftir erfiðleikastigi í þessu verkefni, en gera má ráð fyrir að flestar leiðir innan íslenska þjóðstígakkerfisins séu í erfiðara lagi, og falli undir rauðan flokk í íslenska kerfinu og rauðan og svartan flokk í norska kerfinu.

¹⁴ Guðrún Ingvarsdóttir, Annetta Scheving, Árni Jón Sigfússon og Gústaf Vífilsson (e.d.)

¹⁵ Innovation Norway (e.d.)

5. STAÐALL TIL MATS Á GÖNGULEIÐUM Á ÍSLANDI

Myndaður var staðall (sjá töflu 3) til viðmiðunar um kröfur sem gerðar yrðu á Íslenskum þjóðstígum. Lagt er til að leiðir verði metnar út frá þolmörkum fyrir ágangi ferðamanna og ástand á yfirborði stíga á síðari stigum. Atriði í matsskalanum að þessu sinni voru því valin út frá eftirfarandi sjónarmiðum:

- Þjónusta
- Öryggi

Þjónusta

Miðað var við að gönguleiðir innan kerfisins gætu hentað sem breiðustum hópi notenda, og var lágmarks þjónusta ákvörðuð út frá því. Þannig er krafa um að möguleikar á gistingu séu í hverjum náttstað, auk salernis. Eftirfarandi atriði voru valin til skoðunar í floknum þjónusta:

- Gisting/tjaldstæði
- Salerni
- Almenningsamgöngur

Öryggi

Öryggi er mikilvægur þáttur sem snertir ferðaþjónustu. Mjög kostnaðarsamt er að láta kalla út leitarflokka björgunarsveita þegar ferðamenn tynast, sem er hægt að komast hjá í mörgum tilvikum ef leiðir væru merktar skilmerkilega og hugað að uppsetningu upplýsingaskilta.

Eftirfarandi atriði voru valin til skoðunar í floknum öryggi:

- Merking (stikur og vörður)
- Upplýsingaskilti
- Fallvötn
- Leið á aðalskipulagsáætlun
- Ábyrgðaraðili

Önnur atriði

Til viðbótar við niðurstöður úr matsskala voru ýmis önnur atriði tilgreind svo sem lengd leiða, upptalning sveitarfélaga sem leið fer um, aðgengi björgunarsveita auk fleiri upplýsinga um leiðirnar.

	Tilbúið	Í vinnslu / uppfyllir skilyrði að hluta	/ Biðflokkur uppfyllir ekki skilyrði
Þjónusta			
Gisting/tjaldstæði	Á hverri dagleið	Gistingu/tjaldstæði vantar á einni eða fleiri dagleiðum	Engir gistimöguleikar
Salerni	Á hverri dagleið	Salerni vantar á einni eða fleiri dagleiðum	Engin salerni
Almennings- samgöngur	Tenging	Engin tenging	-
Öryggi			
Merking (stikur og vörður)	Á öllum dagleiðum	Stikur vantar á hluta leiðar	Engar stikur
Upplýsingaskilti	Upplýsingaskilti við upphaf og endi hvernar dagleiðar	Upplýsingaskilti vantar við upphaf og endi hvernar dagleiðar	Engin upplýsingaskilti
Fallvötn	Allar stærri ár brúaðar	Ein eða fleiri stórar ár óbrúaðar	-
Leið á aðalskipulags- áætlun	Já	Nei	-
Ábyrgðaraðili	Ábyrgðaraðili skilgreindur	Ábyrgðaraðili óskilgreindur	-
Opnunartímabil	Opnunartímabil skilgreint	Opnunartímabil óskilgreint	-

Tafla 3. Matsskali sem próaður var af höfundi og leiðbeinendum.



Forsendur atriða í matsskala:

Gisting/tjaldstæði

Miðað er við að gistingöguleikar séu í náttstað á hverri dagleið, þó ekki við upphaf og endi hverrar leiðar. Möguleiki á gistingu telst þannig til lágmarksinnviða við hverja leið.

	Á hverri dagleið
	Ekki á hverri dagleið
	Engir gistingöguleikar

Salerni

Æskilegt er að salerni sé í náttstað á hverri dagleið. Salerni teljast hluti af þeim lágmarks innviðum sem ber að uppfylla.

	Á hverri dagleið
	Salerni vantar á einni eða fleiri dagleiðum
	Engin salerni

Almenningssamgöngur

Áríðandi er að góð tenging sé við almenningssamgöngur, til að auðvelda aðgengi ferðamanna að leiðinni, auk þess sem það er vistvænt og í anda sjálfbærrar þróunar að notast við almenningssamgöngur á ferðalögum sem ætti því að vera kostur sem víðast.

	Tenging
	Engin tenging

Merkingar (stikur og vörður)

Sett er krafa um að leiðir séu merktar skilmerkilega, til dæmis með stikum. Slíkt er nauðsynlegt til að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúruna undan átroðningi ferðamanna utan merktra leiða.

	Á hverri dagleið
	Ekki á hverri dagleið
	Engar stikur

Upplýsingaskilti

Gerð er krafa um upplýsingaskilti um leið við upphaf og endi hverrar dagleiðar (í hverjum náttstað) með upplýsingum um mögulegar hættur, staðhætti, náttúrufar og fleiri upplýsingar sem æskilegt er að ferðamenn taki tillit til.

	Við upphaf og endi hverrar dagleiðar
	Vantar við upphaf og endi hverrar dagleiðar
	Engin upplýsingaskilti

Fallvötn

Mikilvægt er að stærri ár séu brúaðar til þess að tryggja öryggi og auðvelda för ferðamanna.

	Allar stærri ár brúaðar
	Ein eða fleiri stórar ár óbrúaðar

Leið á aðalskipulagsáætlun

Mikilvægt er að leið hafi farið í gegnum lögbundið skipulagsferli samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010¹⁶ og sé birt á aðalskipulagsáætlunviðkomandisveitarfélags. Innviðir sem birtir eru á aðalskipulagsáætlun skapar auk þess skipulagsforsendur fyrir framkvæmdir.

	Leið á aðalskipulagi
	Leið ekki á aðalskipulagi

Ábyrgðaraðili

Áríðandi er að skilgreindur sé ábyrgðaraðili fyrir leið sem sinnir viðhaldi og eftirliti. Slíkt er mikilvægt til þess að viðhaldi sé sinnt og eftirlit sé haft með ferðamönnum á leiðinni. Ábyrgðaraðili getur til dæmis verið opinber stofnun, ferðafélag eða rekstraraðili í ferðaþjónustu.

	Ábyrgðaraðili skilgreindur
	Ábyrgðaraðili ekki skilgreindur

Opnunartímabil

Áríðandi er að skilgreint sé opnunartímabil leiða sem gefur upplýsingar um hvenær hver leið opnar og lokar fyrir göngufólk.

	Opnunartímabil skilgreint
	Opnunartímabil óskilgreint



¹⁶ Skipulagslög (2010)

6. FORVAL LEIÐA/TAKMARKANIR

Ljóst er að fjölmargar gönguleiðir eru til á Íslandi og skipta líklega hundruðum. Því lá það við að takmörkun á þeim leiðum sem lagðar yrðu til mats í verkefninu yrði að eiga sér stað. Við val á leiðum til mats var byggt á fyrirbyggjandi upplýsingum, þekktar leiðir sem ferðafélög og gönguhópar hafa verið að nota, en einnig aðrar leiðir sem vitað var að væru í þróun. Ennfremur voru eftirfarandi viðmið höfð að leiðarljósi við val á leiðum sem skoðuð voru í verkefninu:

- **Dreifing leiða:** reynt var að dreifa leiðum sem skoðaðar voru eftir landshlutum
- **Vinsældir og þróun:** leiðir sem eru nú þegar í mikilli notkun og staðbundinni þróun voru valdar til mats
- **Umfjöllun:** Leiðir sem verið hafa í umræðunni og umfjöllunar voru skoðaðar
- **Viðtöl:** Haft var samband við fjölmarga aðila innan ferðaþjónustunnar og leitað upplýsinga um áhugaverðar gönguleiðir
- **Líkur til að uppfylla forsendur:** Valdar voru leiðir sem líklegar þóttu til að geta mætt þeim lágmarkskröfum sem settar voru varðandi íslenska þjóðstíga


Ljóst er að val leiða sem skoðaðar voru að þessu sinni hefði getað verið með ýmsum hætti, og eflaust einhverjar leiðir í vinnslu sem ekki voru skoðaðar. Hins vegar var aðeins um þróunarverkefni að ræða þar sem leiðirnar sem skoðaðar voru nýttust til þess að þróa matsskalann og þær lágmarksskröfur sem gerðar verði til leiða innan íslenska þjóðstígakerfisins. Í framtíðinni mætti hugsa sér að fleiri leiðir kæmu til álita og færu þá í gegnum formlegt umsóknarferli sem fjallað er nánar um í kafla fjögur.



Mynd 17. Á Víknaslóðum. Mynd: Margrét Aðalsteinsdóttir.



Mynd 18. Í þoku á Reykjavegi. Mynd: Bárður Árnason.



1. Reykjavégur
2. Pílagrímsleið
3. Kjalvegur hinn forni
4. Fimmvörðuháls
5. Laugavegur
6. Kerlingarfjallarhringur
7. Strútsstígur - Sveinstindur
8. Jöklaleiðin
9. Austurstræti
10. Öskjuvegur
11. Víknaslóðir
12. Galdraslóð
13. Hornstrandir
14. Látrabjargsléið
15. Vatnaleið

Mynd 19. Á myndinni má sjá staðsetningu þeirra leiða sem metnar voru í verkefninu.



7. LÝSING Á LEIÐUM

Hér verður fjallað stuttlega um hverja leið í texta ásamt umfjöllun um það hvernig hver leið kom út úr matinu. Í viðauka 2 eru birt kort af leiðunum ásamt matsblaði.

1. Reykjavegur

Reykjavegurinn er gönguleið sem hefur verið í þróun í nokkur ár, og tengir saman Reykjanesið og Suðurland. Kostur við leiðina er að hún er nærri byggð og víða hægt að komast að henni akandi á bíl, því er aðgengi björgunarsveita einnig gott á leiðinni¹⁷. Gert er ráð fyrir afnotum af þeim skálum sem þegar eru við leiðina, til dæmis við Bláfjöll og á Hengilssvæðinu. Gististaði og salerni vantar þó á leiðinni til þess að hún sé fullbúin. Aðgengi að vatni er víða ábótavant og því mikilvægt að hafa nægt vatn meðferðis á þessari leið. Einnig þarf að ganga leiðina og bæta við stikum, þar sem langt er síðan leiðin var stikuð. Engin tenging er við almenningssamgöngur að upphafi leiðarinnar á Reykjanesvita, en góð tenging er við þingvelli allt árið. Leiðin er merkt á öllum aðalskipulagsáætlunum nema í Hafnarfjarðarbæ, Garðabæ og Bláskógabyggð¹⁸. Þá vantar skilgreint opnunartímabil á leiðinni.

2. Pílagrímsleið

Leiðin liggur um fornar þingleiðir, biskupaleiðir, presta- og verleiðir^{19, 20}. Margir áhugaverðir staðir með sögulega tengingu eru á leiðinni. Aðgengi björgunarsveita er gott á leiðinni. Þróunaraðilar að leiðinni er Pílagrímafélagið (pilagrimar.is, kt. 561112-1690, netfang er pilagrimar@pilagrimar.is). Gistimöguleikar og salerni eru í náttstað á öllum dagleiðum, auk þess sem leiðin er merkt. Upplýsingaskilti eru ekki við upphaf og endi hvernar dagleiðar, en eru komin upp í Bæ, í Lundi, á Fitjum, í Botnsdal og við Apavatn. Einnig þarf að skilgreina ábyrgðaraðila á leiðinni, og skilgreina opnunartímabil leiðarinnar. Sem „pílagrímsleið“ er leiðin merkt og skilgreind að fyrirmynd Norðmanna um Ólafsveginn í Noregi, frá Osló til Niðaróss. Áhersla er lögð á sögu- og menningarminjar á leiðinni og mismunandi landslag²¹.

3. Kjalvegur hinn forni

Margar sögulegar heimildir tengjast Kjalvegi, enda var það fjölfarin þjóðleið fyrir á tímum, sem tengdi Suðurland við Norðurland. Aðgengi björgunarsveita er ágætt á leiðinni, en engir

vegir eru að leiðinni á stórum hluta hennar¹⁷. Gistimöguleikar og salerni eru í náttstað á öllum dagleiðum, hins vegar vantar merkingar á leiðinni, upplýsingaskilti og skilgreint opnunartímabil leiðarinnar.

4. Fimmvörðuháls

Fimmvörðuháls er ein vinsælasta gönguleið landsins. Aðgengi björgunarsveita er gott á leiðinni frá Skógum að Fimmvörðuskála/Baldvinsskála en getur verið mjög erfitt frá Fimmvörðuskála/Baldvinsskála að Básam, en engin björgunartæki komast að þeim hluta leiðarinnar nema þýrlur, og þá bara í góðum veðurfarslegum aðstæðum¹⁷. Helstu innviðir eru til staðar og fá atriði ættu að koma í veg fyrir að leiðin gæti orðið hluti íslenskra þjóðstíga, fyrir utan þá staðreynd að skilgreindan ábyrgðaraðila og opnunartímabil vantar.

5. Laugavegur

Laugavegurinn er sennilega vinsælasta gönguleið landsins auk þess að vera vel þekkt utan landsteinanna. Aðgengi björgunarsveita er ágætt á leiðinni, á sumum svæðum er gengið á vegum og aðgengi því gott, en aftur á móti mjög erfitt á ákveðnum hlutum leiðarinnar¹⁷. Helstu innviðir eru til staðar og fá atriði ættu að koma í veg fyrir að leiðin gæti orðið hluti íslenskra þjóðstíga, fyrir utan þá staðreynd að skilgreindan ábyrgðaraðila og opnunartímabil vantar. Einnig þyrfti að brúa árnar Bláfjallakvísl og Þröngá.

6. Kerlingarfjallahringur

Kerlingarfjöll hafa lengi verið vinsæll áningastaður ferðalanga á miðhálandinu. Gönguleið umhverfis Kerlingarfjöll sem væri hluti af íslenskum þjóðstígum myndi vafalaust auka áhuga á svæðinu. Aðgengi björgunarsveita er gott á leiðinni, en hætta getur skapast ef farið er af leiðinni vegna þess hve erfitt landslag er á leiðinni (dalir, gil o.fl.) sem getur hamlað för björgunarsveita¹⁷. Leiðin er vel merkt, gistimöguleikar og salerni eru í boði í hverjum náttstað á öllum dagleiðum og góð tenging er við almenningssamgöngur. Salerni eru í öllum náttstöðum, utan Kisubotna en þar er ráðgert að því verði komið á árið 2015²³. Þá

¹⁷ Jónas Guðmundsson (2014)

¹⁸ Skipulagsstofnun (e.d.)

¹⁹ Nordisk Ministerråd (1999)

²⁰ Guðrún Ása Grímsdóttir (2000)

²¹ Hulda Guðmundsdóttir (2014)



vantar upplýsingaskilti við upphaf og endi hvernar dagleiðar, skilgreindan ábyrgðaraðila og opnunartímabil auk þess að merkja leið inn á aðalskipulagsáætlun²⁴.

7. Strútsstígur - Sveinstindur

Tvær þekktar gönguleiðir eru hér teknar saman. Farið er um Strútslaug, þar sem göngumenn geta slakað á í heitri náttúrulegum. Aðgengi björgunarsveita er erfitt á leiðinni, og ekki fært öðrum björgunartækjum en þylum á löngum köflum¹⁷. Gistimöguleikar og salerni eru í náttstað á öllum dagleiðum. Tenging er við almenningssamgöngur á Strútsstíg, en ekki við Sveinstind-Skælinga. Þá vantar merkingar á leiðinni, upplýsingaskilti og skilgreindan ábyrgðaraðila og opnunartímabil. Leiðin er merkt á aðalskipulagsáætlun Skaftárhrepps, en að hluta á Rangárþingi ytra²⁴.

8. Jöklaleið

Leiðin tengir saman Höfn í Hornafirði og Skaftafell í Örfum. Stutt er í þjónustu víðast hvar á leiðinni, nema milli Hofs og Hala í Örfum og góð tenging við almenningssamgöngur. Aðgengi björgunarsveita er gott á leiðinni. Leiðin liggur lágt, sem eykur nýtingarmöguleika hennar yfir allt árið. Bæta þarf gistimöguleika, salerni, merkingar, upplýsingaskilti, brýr yfir stærri fallvötn, skilgreindan ábyrgðaraðila og opnunartímabil auk birtingu leiðar á aðalskipulagsáætlun²⁴, en þessi atriði eru í vinnslu²⁵.

9. Austurstræti

Leið um hálendið austan Vatnajökuls. Leiðin liggur hátt og snjóalög leysir seint, sem gæti takmarkað nýtingu leiðarinnar. Aðgengi björgunarsveita er gott á leiðinni, fyrir utan tvær dagleiðir, milli Geldingafells og Múlaskála. Gistimöguleika og salerni vantar aðeins í einum náttstað á leiðinni, en gert er ráð fyrir skála á þeim stað samkvæmt aðalskipulagsáætlun²⁶. Bæta þarf tengingu við almenningssamgöngur, merkingar, upplýsingaskilti, brýr yfir stærri fallvötn, birtingu leiðar á aðalskipulagsáætlun²⁴ og skilgreindan ábyrgðaraðila. Þá þarf einnig að skilgreina opnunartímabil leiðarinnar.

10. Öskjuvegur

Farið frá Herðubreiðalindum, um Öskju og að Svartáarkoti. Leiðin liggur hátt og snjóalög leysir seint, sem gæti takmarkað nýtingu leiðarinnar, og gerir það að verkum að aðgengi björgunarsveita er ekki gott á leiðinni. Þá er aðgengi að vatni erfitt á hluta leiðarinnar, og þarf því að bera með sér¹⁷. Gistimöguleikar eru til staðar í náttstað á öllum dagleiðum. Tengingu við almenningssamgöngur, merkingar, upplýsingaskilti, skilgreindan ábyrgðaraðila og opnunartímabil er ábótavant.

11. Víknaslóðir

Víknaslóð er ein besta gönguleið landsins þar sem viðhald er afar gott, leiðir vel merktar og góð upplýsingaskilti til staðar. Aðgengi björgunarsveita er gott á leiðinni. Leiðin uppfyllir því kröfur um helstu innviði og því fá atriði sem ættu að koma í veg fyrir að leiðin gæti orðið hluti íslenskra þjóðstíga, fyrir utan þá staðreynd að skilgreindan ábyrgðaraðila og opnunartímabil vantar²⁷.

12. Galdraslóð

Gönguleið milli Hólmavíkur og Norðurfjarðar. Mikið tækifæri þar sem mörg fyrirtæki eru starfrækt í ferðapjónustu á svæðinu. Aðgengi björgunarsveita er gott á leiðinni. Gistiaðstöðu og salerni vantar hins vegar á leiðinni milli Hólmavíkur og Djúpavíkur, en einnig er tengingu við almenningssamgöngur, merkingar og upplýsingaskilti ábótavant. Þá vantar að birta leið á aðalskipulagsáætlun²⁴, skilgreindan ábyrgðaraðila og opnunartímabil.

13. Hornstrandir

Leiðin er vel þekkt og einstakur staður á heimsmaelikvarða. Hins vegar er aðgengi björgunarsveita er mjög erfitt, og símasamband óáreiðanlegt. Því er ekki talið ráðlegt að kynna leiðina frekar og beina þangað aukinni umferð ferðamanna þar sem leiðin gæti hentað betur fyrir sérferðir þar sem leiðsögumenn eru með í för. Gistimöguleikar eru í náttstað

²² Páll Gíslason (2014)

²³ Skúli H. Skúlason (2014)

²⁴ Skipulagsstofnun (e.d.)

²⁵ Árdís Erna Halldórsdóttir og Helga Árnadóttir (2014)

²⁶ Skúli Júlíusson (2014)

²⁷ Hafþór Snjólfrur Helgason (2014)



á hverri dagleið, auk þess sem leiðin er merkt. Hins vegar vantar salerni, tengingu við almenningssamgöngur, upplýsingaskilti og skilgreindan ábyrgðaraðila og opnunartímabil.

14. Vesturfirðir


Vesturfirðir nefnist gönguleiðin frá Brjánslæk að Bjargtanga um Látrabjarg. Aðgengi björgunarsveita er gott á leiðinni. Leiðin er merkt á aðalskipulagsáætlunum, en bæta þarf úr gistimöguleikum, salernum, tengingu við almenningssamgöngur, merkingum, og upplýsingaskiltum. Þá þarf að skilgreina ábyrgðaraðila og opnunartímabil²⁸.

15. Vatnaleiðin

Leiðin liggur eins og nafnið gefur til kynna milli vatna, en farið er framhjá fjórum vötnum: Hreðavatni, Langavatni, Hítarvatni og Hlíðarvatni. Aðgengi björgunarsveita er gott á leiðinni. Leiðin er merkt á aðalskipulagsáætlun, en gistimöguleika og salerni vantar þó á löngum köflum leiðarinnar. Einnig vantar tengingu við almenningssamgöngur, merkingar, upplýsingaskilti og skilgreindan ábyrgðaraðila og opnunartímabil.



Mynd 20. Kerlingarfjöll. Mynd: Páll Gíslason.



Mynd 21. Látrabjarg. Mynd: Jóhann Svavarsson.

Gönguleið	Lengd	Frá - Til	Vefsíður	Þjónusta og öryggi *	Uppfyllir skilyrði	Í vinnslu / uppfyllir skilyrði að hluta	Biðflokkur / uppfyllir ekki skilyrði
1. Reykjavegur	132 km	Reykjanesviti - Þingvellir	-	s, m			
2. Pílagrímsleið	95 km	Bær í Borgarfirði - Skálholt	pilagrimar.is	gm, s, m			
3. Kjalvegur hinn forni	42 km	Hvítárnes - Hveravellir	-	gm, s			
4. Fimmvörðuháls	22 km	Skógar - Þórsmörk	-	gm, s, as, m, us			
5. Laugavegur	55 km	Landmannalaugar-Þórsmörk	-	gm, s, as, m, us			
6. Kerlingarfjallahringur	44 km	Kerlingarfjöll - Kerlingarfjöll	-	gm, as, m			
7. Strútsstígur - Sveinstindur	83 km	Strútsstígur - Sveinstindur	-	gm, s			
8. Jöklaleið	134 km	Skaftafell - Hoffell	-	as			
9. Austurstræti	80 km	Lón - Fljótsdalur	-	-			
10. Öskjuvegur	66 km	Herðubreiðarlindir - Svartárkot	-	s			
11. Víknaslóðir	51 km	Borgarfjörður Eystri - Mjóifjörður	-	gm, s, as, m, us.			
12. Galdraslóð	53 km	Hólmavík - Norðurfjörður	-	-			
13. Hornstrandir	79 km	Furufjörður - Hesteyrarfjörður	-	gm, m			
14. Vesturfirðir	74 km	Brjánslækur - Bjargtangi	-	as			
15. Vatnaleið	51 km	Bifröst - Hnappadalur	-	-			

* Gistimöguleikar (gm), salerni (s), almenningssamgöngur (as), merkingar (stíkur og vörður) (m), upplýsingaskilti (us).

Tafla 4. Yfirlit yfir upplýsingar sem aflað var um gönguleiðir á Íslandi ásamt niðurstöðum úr matinu.



7. NIÐURSTÖÐUR

Í verkefninu National Trails í Englandi og Wales er eins og áður hefur komið fram, yfirumsjón, stefnumótun og markaðssetning, auk fjármögnunar í höndum stofnunar um náttúruauðlindir í Wales og Náttúrulega England (*e. Natural Resources Wales and Natural England*). Á Nýja Sjálandi er það Umhverfisstofnun (*e. Department of Conservation*) sem sér um svipuð mál. Hægt væri að hugsa sér að slíkt hlutverk hvað Íslenska þjóðstíga varðar gæti verið í höndum Umhverfisstofnunar. Þá myndi Ferðamálastofa halda utan um umsóknarferlið og samþykkingu leiðir inn í kerfið. Íslandsstofa myndi síðan annast kynningar- og markaðsstarf á erlendra grundu. Að lokum mætti hugsa sér að íslenskir þjóðstígar kæmu fram á kortum í tengslum við ferðamennsku, til dæmis á vef markaðsstofu landshluta.

Niðurstöður verkefnisins eru að Laugavegurinn, Fimmvörðuháls og Víknaslóðir uppfylla alla staðla Íslenskra þjóðstíga, utan tvo, en það er að skilgreindur sé ábyrgðaraðili yfir leiðunum og skilgreint sé opnunartímabil leiðar. Lagt er til að ef komið verði á kerfi íslenskra þjóðstíga muni þessar þrjár leiðir vera hluti af kerfinu frá byrjun, en unnin verði frekari þróunarvinna hvað ábyrgðaraðila varðar og skilgreint verði ákveðið opnunartímabil leiðanna. Í kafla fjögur er umfjöllun um ábyrgðaraðila og tillaga að hlutverki hans sem og staðsetningu innan stjórnsýslunnar. Í töflu 4 er yfirlit yfir leiðirnar og hvað vantar upp á að þær séu fullnægjandi. Flokkað er eftir því hve mörg atriði tiltekin leið uppfyllir, ef leið uppfyllir skilyrði að fullu er hún merkt græn, ef hún uppfyllir skilyrði að hluta er hún gul en ef mikið vantar upp á að leið uppfyllir skilyrði er hún merkt rauð. Þannig sést að 11 leiðir þurfa tiltölulega litlar endurbætur til þess að uppfylla skilyrði íslenskra þjóðstíga.

Í nýrri skýrslu OECD kemur fram að vegna mikils vaxtar í ferðaþjónustu sé æskilegt að íslensk stjórnvöld hafi frumkvæði að því gerð verði aðgerðaráætlun um sjálfbæra ferðamennsku (*e. comprehensive plan for sustainable tourism*). Einnig var áætlunum um framkvæmdir í því samhengi ábótavant. Leiða má líkur að því að íslenskir þjóðstígar geti nýst inn í þá vinnu vegna þess að það fjallar um hvernig nýta megi gönguleiðir á sjálfbæran máta²⁹.

Æskilegt væri að skilgreind verði fjárveitingu til verkefnisins, og til hverrar leiðar fyrir sig sem er innan kerfisins. Sem dæmis væri hægt að veita fjármagni til þriggja ára í senn, að gefinni framkvæmdaáætlun. Jákvætt skref væri einnig ef þingsályktunartillögu varðandi verkefnið yrði lögð fyrir Alþingi. Í framhaldinu mætti hugsa sér að flokka leiðirnar eftir erfiðleikastigi, til dæmis með því að skoða hverja leið á sniðteikningu og þannig virða fyrir sér hækkun og lækkun á hverri dagleið. Þá þyrfti að gera áætlun um eftirlit með viðhaldi, til að tryggja

vernd náttúrunnar og koma í veg fyrir rof á stígum. Rannsaka þyrfti og marka stefnu um viðkvæmni ákveðinna svæða með tilliti til ágangs ferðamanna, og velja svo ákveðnar leiðir sem hafa tiltölulega há þolmörk og skilgreina þær sem íslenska þjóðstíga. Halda þyrfti áfram þróun matskerfis sem reiknað er með að yrði endurskoðað á nokkurra ára fresti, en einnig halda þeim möguleika opnum að nýjar leiðir geti bæst við. Matsskalinn gæti nýst til að meta ástand leiða hvað þjónustu og öryggi varðar árlega, og fylgja eftir viðhaldi þar sem við á.

Í þróun stíganna þyrfti að koma fram mat eða áætlun um fjölgun ferðamanna. Með því að móta skýra stefnu um gönguleiðir væri hægt að móta áætlun miðað við núverandi og áætlaðan fjölda ferðamanna.



Mynd 22. Verkefnið íslenskir þjóðstígar getur nýst inn í vinnu um aðgerðaráætlun um sjálfbæra ferðaþjónustu.

²⁹ Scribd Inc. (2014)



Áframhald og kynning verkefnisins

Nýsköpunargildi verkefnisins felst í því að mótuð er heildarstefna fyrir langar gönguleiðir, það er að segja gönguleiðir sem eru 2 dagleiðir eða lengri (30 km +). Nýsköpunargildið er ekki síður fólgið í því að sett eru viðmið sem gera það kleift að meta gæði gönguleiða. Þó tilgangur þessa verkefnis sé að skilgreina þær gönguleiðir þar sem þjónustustigið er hvað hæst nýtist vinnan einnig við mat á sérhæfðari leiðum. Stefna fyrir gönguleiðir nýtist einnig til stjórnunar og verndunar á náttúru Íslands fyrir ágangi ferðamanna þar sem hér er á ferðinni skjal sem tekur afstöðu til þess hvert ferðamönnum er beint auk áætlunar um hvernig það sé gert, með eftirliti og ábyrgðaraðilum yfir leiðum innan kerfisins.

Búið er að kynna verkefnið fyrir Ferðamálastofu og Umhverfisstofnun, fulltrúum stærstu ferðafélaganna (Útivist og Ferðafélags Íslands), atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis auk fulltrúa umhverfis- og auðlindaráðuneytis, og voru allir aðilar jákvæðir í garð verkefnisins. Þá er ráðgert að halda ráðstefnu um gönguleiðir í mars 2015 þar sem verkefnið ásamt niðurstöðum þess verður kynnt.

Æskilegt væri að vinna þingsályktunartillögu um íslenska þjóðstíga (sjá drög að þingsályktunartillögu í viðauka 1) og áætla fjárveitingu til verkefnisins. Þá þyrfti að skilgreina

ábyrgðaraðila og marka viðeigandi stofnunum hlutverk varðandi verkefnið. Ennfremur þyrfti að mynda starfshóp sem þróar áfram stefnu og framkvæmd verkefnisins íslenskir þjóðstígar. Gott væri einnig ef kynningu verkefnisins væri haldið áfram og þess ávinnings sem það hefur í för með sér, auk þess að móta og koma á samstarfi stofnana og hagsmunaaðila sem koma að verkefninu.

Mikil umræða hefur verið um aðgerðir til þess að bregðast megi við auknum fjölda ferðamanna hingað til lands. Í verkefninu eru einmitt tillögur um hvernig megi taka við auknum fjölda ferðamanna á gönguleiðum landsins. Búið er að gera drög að stefnumótun, skilgreina leiðir í leiðakerfi íslenskra þjóðstíga og gera tillögu að lágmarkskröfur um innviði leiða innan kerfisins hvað þjónustu og öryggi varðar. Einnig er búið að gera drög að þingsályktunartillögu sem hugsanlega gæti verið lögð fyrir á Alþingi (sjá í viðauka 1).

MARKMIÐ	LOKIÐ	Í VINNSLU
Skoða stöðu gönguleiða á Íslandi	X	
Meta leiðir sem erindi eiga í þjóðstígakerfi (e. <i>national trails</i>)	X	
Meta hversu mikið vantar uppá að leiðir séu heildstæðar út frá settum viðmiðum	X	
Leiðir flokkaðar eftir því hversu mikið vantar upp á að þær séu heildstæðar	X	
Mynda staðal sem nýtist við stefnumótun, gæðaeftirlit og markaðssetningu gönguleiða á Íslandi	X	
Eftirlit sé haft með ástandi leiða og viðeigandi framkvæmdir gerðar jafnóðum		X

Tafla 5. Yfirlit yfir stöðu markmiða sem sett voru í upphafi verkefnisins.

BÚIÐ ER AÐ:	NAUÐSYNLEGT ER AÐ:	ÞAÐ ÞARF AÐ:
Vinna verkefnið Íslenskir þjóðstígar sem nýtist sem grunnur að stjórnun gönguleiða á Íslandi.	Mynda starfshóp sem þróar áfram stefnu og framkvæmd verkefnisins Íslenskir þjóðstígar.	Kynna verkefnið á fyrirhugaðri ráðstefnu um ferðagönguleiðir 5. mars 2015.
Kynna fyrir Ferðamálastofu og Umhverfisstofnun.	Vinna þingsályktunartillögu um íslenska þjóðstíga og áætla fjárveitingu.	Kynna verkefnið fyrir ráðherrum og alþingismönnum.
Kynna fyrir fulltrúum Útivistar og Ferðafélags Íslands.	Finna ábyrgðaraðila yfir verkefninu.	Móta og koma á samstarfi stofnana og hagsmunaaðila sem koma að verkefninu.
Kynna fyrir fulltrúum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.	Marka viðeigandi stofnunum hlutverk varðandi íslenska þjóðstíga.	-

Tafla 6. Samantekt á niðurstöðum verkefnisins.





HEIMILDIR

Anna Dóra Sæþórsdóttir og Þorkell Stefánsson (2012). *Polmörk ferðamanna í Friðlandi að Fjallabaki*. Land- og ferðamálafræðistofa, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, Háskóli Íslands, Sturlugata 7, IS-101, Reykjavík. Sótt 3. júní 2014 af <http://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/Skyrslur/Polmork%20ferdamanna%20%C3%AD%20Friðlandi%20að%20Fjallabaki.pdf>

Árdís Erna Halldórsdóttir og Helga Árnadóttir (2014). Tölvupóstur, ágúst 2014.

Department of Conservation (e.d.). Sótt 28. júlí 2014 af <http://www.doc.govt.nz/parks-and-recreation/tracks-and-walks/great-walks/>

Guðrún Ása Grímsdóttir (2000). *Leiðir skáhlholtsbiskupa um Lyngdalsheiði*. Ferðafélag Íslands. Reykjavík.

Guðrún Ingvarsdóttir, Annetta Scheving, Árni Jón Sigfússon og Gústaf Vífilsson (e.d.). *Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum*. Sótt 22. júlí 2014 af <http://www.ferdamalastofa.is/handbok/>

Hafþór Snjólfrur Helgason (2014). *Landfræðingur og margmiðlunarhönnuður*, tölvupóstur, ágúst 2014.

Hike Canada (e.d.). Sótt 28. ágúst 2014 af <http://www.hikecanada.org/en/index.php>.

Hulda Guðmundsdóttir (2014). *Leiðsögumaður*, tölvupóstur, júní 2014.

Inka Trail Reservations (e.d.). Sótt 29. ágúst 2014 af incatrailreservations.com.

Innovation Norway (e.d.). *Grading of Hiking Trails*. Sótt 28. ágúst 2014 af <http://www.visitnorway.com/en/what-to-do/active-holiday/hiking-in-norway/grading-of-hiking-trails/>.

Jóhann Svavarsson (2014). *Leiðsögumaður*, tölvupóstur, júlí 2014.

Jónas Guðmundsson (2014). *Verkefnastjóri slysavarna ferðamanna*, tölvupóstur, júlí 2014.

Lög um náttúruvernd (2013). nr. 60. Sótt 23. júlí 2014 af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1999044.html>

National Recreation Trails (e.d.). Sótt 28. ágúst 2014 af <http://www.americantrails.org/files/pdf/nrtbrochure.pdf>

National Trails (e.d.). Sótt 9. júlí 2014 af <http://www.nationaltrail.co.uk/>

Nordisk Ministerråd (1999). *På vei - friluftsliv og opplevelser langs gamle ferdelsårer*, s. 35. Nord 1999:11. København 1999.

Páll Gíslason (2014). *Leiðsögumaður*, tölvupóstur, ágúst 2014.

Peter Scott Planning Services (2010). Developing the Network of Longer Distance Routes. *Scottish Natural Heritage Report No. 380 (Tender No. 28776)*. Sótt 1. september 2014 af www.snh.org.uk/pdfs/publications/commissioned_reports/380.pdf

pilagrimar.is (e.d.). *Til umhugsunar*. Sótt 11. júní 2014 af http://pilagrimar.is/Til_umhugsunar.html

Scotlands's Great Trails (2011). Sótt 9. júlí 2014 af <http://www.scotlandsgreattrails.org.uk/>

Scottish Natural Heritage (2011). Sótt 3. september 2014 af <http://www.snh.gov.uk/docs/B980390.pdf>

Scribd Inc. (2014). *Environmental Performance Reviews: Iceland*. Highlights. Sótt 5. september 2014 af <http://www.scribd.com/doc/238518572/Iceland-Environmental-performance-review-Highlights>

Skipulagslög (2010). Nr. 123. Sótt 3. júlí 2014 af <http://www.althingi.is/lagas/138b/2010123.html>

Skipulagsstofnun (e.d.). *Skipulagsvefsjá*. Sótt 24. ágúst 2014 af <http://www.skipulagsstofnun.is/skipulagsmal/skipulagssja/>

Skúli Júlíusson (2014). *Leiðsögumaður*, tölvupóstur, ágúst 2014.

SwitzerlandMobility Foundation (e.d.). Sótt 2. september 2014 af www.schweizmobil.ch/en/publishing-credits.html

Útivist (e.d.). *Skýringar á táknum - erfiðleikastig gönguferða*. Sótt 21. júlí 2014 af <http://www.utivist.is/frodleikur/skyringar-a-taknum>

Wikipedia (e.d.). *GR footpaths*. Sótt 28. ágúst 2014 af http://en.wikipedia.org/wiki/GR_footpath



VIÐAUKI 1



Drög að þingsályktunartillögu um Íslenska þjóðstíga

Alþingi ályktar að fela atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra að hefjast nú þegar í sameiningu vinnu við stefnumótun um íslenskt þjóðstígakerfi.

Greinargerð.

Markmið með þingsályktunartillögu þessari er að vinna stefnumótun fyrir gæðakerfi gönguleiða á Íslandi sem nefnist Íslenskir þjóðstígar (e. *national trails*). Í því felst að skilgreind verði viðmið sem leiðir þurfi að uppfylla til þess að geta talist hluti Íslenska þjóðstígakerfisins. Slíkar gæðakröfur gætu sem dæmi verið að skálar séu á hverri dagleið, leiðir séu merktar með stikum eða vörðum, aðgengi björgunarsveita sé gott og góð tenging sé við almenningssamgöngur.

Ávinningur íslenskra þjóðstígakerfisins er einna helst kynning á fleiri gönguleiðum til að létta á umferð ferðamanna við vinsælustu leiðirnar og þar af leiðandi stuðla að frekari dreifingu ferðamanna um landið. Slíkt hefur lengi verið talið æskilegt þar sem álag á fjölförnustu ferðamannastaðina veldur áhyggjum. Þá getur kerfi íslenskra þjóðstíga verkað sem hvati að uppbyggingu innviða og eftirlits þar sem ákveðnar gæðakröfur eru settar á leiðirnar. Það nýtist einnig notandanum að innan kerfisins eru aðeins gönguleiðir sem uppfylla ákveðnar forsendur, hann veit því að hverju hann gengur.


Lagt er til að við hverja leið verði skilgreindur umsjónarmaður leiðar sem sinnir eftirliti, hefur yfirumsjón með viðhaldi og er tengiliður við ferðamenn, ábyrgðaraðila og stofnanir svo sem Umhverfisstofnun og Ferðamálastofu. Áriðandi er að nægilegt fjármagn verði lagt til verkefnisins til þess að bregðast megi við auknum fjölda ferðamanna sem sækir landið með viðunandi hætti.



VIÐAUKI 2



Skipting deiliteikninga



Gönguleið 1

Reykjavegur

Reykjanesviti - Þingvellir

Lengd: 132 km

Sveitarfélag/félög: Reykjanesbær, Grindavíkurbær, Vogar, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Kópavogsbær, Ölfus, Grímsnes- og Grafningshreppur og Bláskógabyggð.

Aðgengi björgunarsveita: Aðgengi björgunarsveita er gott á allri leiðinni en víða er hægt að komast að henni akandi á bíl.

Lýsing leiðar/athugasemdir:

Reykjavegurinn er gönguleið sem hefur verið í þróun í nokkur ár, og tengir saman Reykjanesið og Suðurland. Kostur við leiðina er að hún er nærri byggð og víða hægt að komast að henni akandi á bíl, því er aðgengi björgunarsveita einnig gott á leiðinni. Gert er ráð fyrir afnotum af þeim skálum sem þegar eru við leiðina, til dæmis við Bláfjöll og á Hengilssvæðinu. Gististaði og salerni vantar þó á leiðinni til þess að hún sé fullbúin. Aðgengi að vatni er víða ábótavant og því mikilvægt að hafa nægt vatn meðferðis á þessari leið. Einnig þarf að ganga leiðina og bæta við stikum, þar sem langt er síðan leiðin var stikuð. Engin tenging er við almenningssamgöngur að upphafi leiðarinnar á Reykjanesvita, en góð tenging er við Þingvelli allt árið. Leiðin er merkt á öllum aðalskipulagsáætlunum nema í Hafnarfjarðarbæ, Garðabæ og Bláskógabyggð. Þá vantar skilgreint opnunartímabil á leiðinni.

Þjónusta		Athugasemdir:
Gisting/tjaldstaði		Gistimöguleikar eru ekki í náttstað á hverri dagleið.
Salerni		Salerni eru í náttstað á hverri dagleið.
Almenningssamgöngur		Tengingu vantar við Reykjanesvita.
Öryggi		
Merking (stikur og vörður)		Leiðin var stikuð alla leiðina sumarið 1996
Upplýsingaskilti		Upplýsingaskilti vantar á leiðinni.
Fallvötn		Engin stór fallvötn eru á leiðinni.
Leið í aðalskipulagi		Leiðin er ekki merkt á öllum aðalskipulagsáætlunum.
Ábyrgðaraðili		Enginn ábyrgðaraðili er skilgreindur fyrir leiðinni.
Skilgreint opnunartímabil		Skilgreint opnunartímabil á leiðinni vantar.


Tilbúið

Í vinnslu

Biðflokkur



Reykjavegur



Gönguleið 2

Pílagrímsleið

Bær í Borgarfirði - Skálholt

Lengd: 95 km

Sveitarfélag/félög: Borgarbyggð, Skorradalshreppur, Hvalfjarðarsveit, Kjósahreppur, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur.

Aðgengi björgunarsveita: Aðgengi björgunarsveita er gott á allri leiðinni.

Lýsing leiðar/athugasemdir:

Leiðin liggur um fornar þingleiðir, biskupaleiðir, presta- og verleiðir. Margir áhugaverðir staðir með sögulega tengingu eru á leiðinni. Þróunaraðilar að leiðinni er Pílagrímafélagið (pilagrimar.is, kt. 561112-1690, netfang er pilagrimar@pilagrimar.is). Gistimöguleikar og salerni eru í náttstað á öllum dagleiðum, auk þess sem leiðin er merkt. Upplýsingaskilti eru ekki við upphaf og endi hverrar dagleiðar, en eru komin upp í Bæ, í Lundi, á Fitjum, í Botnsdal og við Apavatn. Einnig þarf að skilgreina ábyrgðaraðila á leiðinni, og skilgreina opnunartímabil leiðarinnar. Sem „pílagrímsleið“ er leiðin merkt og skilgreind að fyrirmynd Norðmanna um Ólafsveginn í Noregi, frá Osló til Niðaróss. Áhersla er lögð á sögu- og menningarminjar á leiðinni og mismunandi landslag.

Þjónusta		Athugasemdir:
Gisting/tjaldstæði	■	Gistimöguleikar eru í náttstað á öllum dagleiðum.
Salerni	■	Ekki eru til staðar salerni opinn almenningi á öllum dagleiðum.
Almenningssamgöngur	■	Tengingu vantar við Bæ í Borgarfirði.
Öryggi		
Merking (stikur og vörður)	■	Pílagrímafélagið hefur merkt gönguleiðina.
Upplýsingaskilti	■	Upplýsingaskilti vantar á leiðinni.
Fallvötn	■	Engin stór fallvötn eru á leiðinni.
Leið í aðalskipulagi	■	Leiðin er merkt á öllum aðalskipualgsáætlanum.
Ábyrgðaraðili	■	Enginn ábyrgðaraðili er skilgreindur fyrir leiðinni.
Skilgreint opnunartímabil	■	Skilgreint opnunartímabil á leiðinni vantar.


Tilbúið

Í vinnslu

Biðflokkur



Pílagrímsleið



*Tekið skal fram að kortið er ekki hugsað sem göngukort, heldur aðeins til stefnumótunar og þróunar. Leiðirnar eru enn í vinnslu. Göngufólk skyldi því ávallt leita frekari upplýsinga á göngukortum hvernar leiðar.

- Gisting
- Tjaldsvæði
- Sundlaug/heit böð

FERÐA MALA STOFA ICELANDIC TOURIST BOARD	EFLA VERKFRÆÐISTOFA	3. deiliteikning vegna tillögu að Íslenskum Þjóðstígum.	DAGSETNING 07.07.2014 GERT GRG MÁLSTYR 1:500.000 BLAÐSTÖÐ A4	Skýringar Gönguleið Þéttbýli — Vegir	Heimildir: Landmælingar Íslands 2013 www.vesturland.is www.sundlaug.is Þúsund og ein þjóðleið
---	---------------------------------	--	--	--	---

Gönguleið 3

Kjalvegur hinn forni Hvítárnes - Hveravellir

Lengd: 42 km

Sveitarfélag/félög: Bláskógabyggð og Húnavatnshreppur.

Aðgengi björgunarsveita: Aðgengi björgunarsveita er ágætt á leiðinni, en engir vegir eru að leiðinni á stórum hluta hennar.


Lýsing leiðar/athugasemdir:

Margar sögulegar heimildir tengjast Kjalvegi, enda var það fjölfarin þjóðleið fyrr á tímum, sem tengdi Suðurland við Norðurland. Gistimöguleikar og salerni eru í náttstað á öllum dagleiðum, hins vegar vantar merkingar á leiðinni, upplýsingaskilti og skilgreint opnunartímabil leiðarinnar.

Þjónusta		Athugasemdir:
Gisting/tjaldstæði		Gistimöguleika eru í náttstað á öllum dagleiðum.
Salerni		Salerni eru í náttstað á hverri dagleið.
Almenningssamgöngur		Tengingu vantar við almenningssamgöngur frá Hvítárnesi.
Öryggi		
Merking (stikur og vörður)		Leiðin er ekki merkt alla leiðina.
Upplýsingaskilti		Upplýsingaskilti eru ekki við upphaf og endi hverrar dagleiðar.
Fallvötn		Öll stærri fallvötn á leiðinni eru brúuð.
Leið í aðalskipulagi		Leiðin er merkt á öllum aðalskipualgsáætlunum.
Ábyrgðaraðili		Enginn ábyrgðaraðili er skilgreindur fyrir leiðinni.
Skilgreint opnunartímabil		Skilgreint opnunartímabil á leiðinni vantar.



Kjalvegur hinn forni



Gönguleið 4

Fimmvörðuháls

Skógar - Þórsmörk

Lengd: 22 km

Sveitarfélag/félög: Rangárþing eystra.

Aðgengi björgunarsveita: Aðgengi björgunarsveita er gott á leiðinni frá Skógum að Fimmvörðuskála/Baldvinsskála en getur verið mjög erfitt frá Fimmvörðuskála/Baldvinsskála að Básam, en engin björgunartæki komast að þeim hluta leiðarinnar nema þyrlur, og þá bara í góðum veðurfarslegum aðstæðum.


Lýsing leiðar/athugasemdir:

Fimmvörðuháls er ein vinsælasta gönguleið landsins. Helstu innviðir eru til staðar og fá atriði ættu að koma í veg fyrir að leiðin gæti orðið hluti íslenskra þjóðstíga, fyrir utan þá staðreynd að skilgreindan ábyrgðaraðila og opnunartímabil vantar.

Þjónusta		Athugasemdir:
Gisting/tjaldstæði		Gistimöguleika eru í náttstað á öllum dagleiðum.
Salerni		Salerni eru í náttstað á hverri dagleið.
Almenningssamgöngur		Tenging er við almenningssamgöngur.
Öryggi		
Merking (stikur og vörður)		Leiðin er merkt alla leiðina.
Upplýsingaskilti		Upplýsingaskilti eru við upphaf og endi hverrar dagleiðar.
Fallvötn		Engin stór fallvötn þarf að fara yfir á leiðinni.
Leið í aðalskipulagi		Leiðin er merkt á aðalskipulagsáætlun.
Ábyrgðaraðili		Enginn ábyrgðaraðili er skilgreindur fyrir leiðinni.
Skilgreint opnunartímabil		Skilgreint opnunartímabil á leiðinni vantar.



Fimmvörðuháls



Gönguleið 5

Laugavegur

Landmannalaugar - Þórsmörk

Lengd: 55 km

Sveitarfélag/félög: Rangárþing eystra og Rangárþing ytra.

Aðgengi björgunarsveita: Aðgengi björgunarsveita er ágætt á leiðinni, á sumum svæðum er gengið á vegum og aðgengi því gott, en aftur á móti mjög erfitt á ákveðnum hlutum leiðarinnar.


Lýsing leiðar/athugasemdir:

Laugavegurinn er sennilega vinsælasta gönguleið landsins auk þess að vera vel þekkt utan landsteinanna. Helstu innviðir eru til staðar og fá atriði ættu að koma í veg fyrir að leiðin gæti orðið hluti íslenskra þjóðstíga, fyrir utan þá staðreynd að skilgreindan ábyrgðaraðila og opnunartímabil vantar. Einnig þyrfti að brúa árnar Bláfjallakvísl og Þröngá.

Þjónusta		Athugasemdir:
Gisting/tjaldstæði		Gistimöguleika eru í náttstað á öllum dagleiðum.
Salerni		Salerni eru í náttstað á hverri dagleið.
Almenningssamgöngur		Tenging er við almenningssamgöngur.
Öryggi		
Merking (stíkur og vörður)		Leiðin er merkt alla leiðina, en merkingar þarf að laga á ákveðnum stöðum þar sem þær geta verið villandi.
Upplýsingaskilti		Upplýsingaskilti eru við upphaf og endi hverrar dagleiðar.
Fallvötn		Öll stærri fallvötn eru ekki brúuð.
Leið í aðalskipulagi		Leiðin er merkt á öllum aðalskipulagsáætlanum.
Ábyrgðaraðili		Enginn ábyrgðaraðili er skilgreindur fyrir leiðinni.
Skilgreint opnunartímabil		Skilgreint opnunartímabil á leiðinni vantar.



Laugavegur



*Tekið skal fram að kortið er ekki hugsað sem göngukort, heldur aðeins til stefnumótunar og þróunar. Leiðirnar eru enn í vinnslu. Göngufólk skyldi því ávallt leita frekari upplýsinga á göngukortum hverrar leiðar.

- Gisting
- Tjaldsvæði
- Sundlaug/heit böð

FERÐA MÁL STOFAN ICELANDIC TOURIST BOARD EFLA VERKFRÆÐISTOFA	6. deiliteikning vegna tillögu að Íslenskum Þjóðstígum.	DAGSETNING 07.07.2014 GRG MÁLUR 1:500.000 BLAÐSTÆÐA A4	Skýringar --- Gönguleið Þéttbýli — Vegir	Heimildir: Landmælingar Íslands 2013 www.south.is www.sundlaug.is Þúsund og ein þjóðleið
---	--	--	--	---



Gönguleið 6

Kerlingarfjallahringur

Kerlingarfjöll - Kerlingarfjöll

Lengd: 44 km

Sveitarfélag/félög: Hrunamannahreppur

Aðgengi björgunarsveita: Aðgengi björgunarsveita er gott á leiðinni, en hætta getur skapast ef farið er af leiðinni vegna þess hve erfitt landslag er á leiðinni (dalir, gil o.fl.) sem getur hamlað för björgunarsveita.

Lýsing leiðar/athugasemdir:

Kerlingarfjöll hafa lengi verið vinsæll áningastaður ferðalanga á miðhálandinu. Gönguleið umhverfis Kerlingarfjöll sem væri hluti af íslenskum þjóðstígum myndi vafalaust auka áhuga á svæðinu. Leiðin er vel merkt, gistingu- og salerni eru í boði í hverjum náttstað á öllum dagleiðum og góð tenging er við almenningssamgöngur. Salerni eru í öllum náttstöðum, utan Kisubotna en þar er ráðgert að því verði komið á árið 2015. Þá vantar upplýsingaskilti við upphaf og endi hvernar dagleiðar, skilgreindan ábyrgðaraðila og opnunartímabil auk þess að merkja leið inn á aðalskipulagsáætlun.

Þjónusta		Athugasemdir:
Gisting/tjaldstæði		Gistingu- og salerni eru í náttstað á öllum dagleiðum.
Salerni		Salerni vantar í náttstað í Kisubotnum, en áætlað að verði komið árið 2015.
Almenningssamgöngur		Tenging er við almenningssamgöngur.
Öryggi		
Merking (stíkur og vörður)		Leiðin er merkt alla leiðina.
Upplýsingaskilti		Upplýsingaskilti eru ekki við upphaf og endi hvernar dagleiðar.
Fallvötn		Engin stór fallvötn eru á leiðinni.
Leið í aðalskipulagi		Leiðin er ekki merkt á aðalskipulagsáætlun.
Ábyrgðaraðili		Enginn ábyrgðaraðili er skilgreindur fyrir leiðinni.
Skilgreint opnunartímabil		Skilgreint opnunartímabil á leiðinni vantar.


Tilbúið

Í vinnslu

Biðflokkur



Kerlingarfjallahringur



Gönguleið 7

Strútsstígur - Sveinstindur

Hvanngil - Sveinstindur

Lengd: 83 km

Sveitarfélag/félög: Skaftárhreppur og Rangárþing ytra.

Aðgengi björgunarsveita: Aðgengi björgunarsveita er erfitt á leiðinni, og ekki fært öðrum björgunartækjum en þylum á löngum köflum.


Lýsing leiðar/athugasemdir:

Tvær þekktar gönguleiðir eru hér teknar saman. Farið er um Strútslaug, þar sem göngumenn geta slakað á í heitri náttúrulegum. Gistimöguleikar og salerni eru í náttstað á öllum dagleiðum. Tenging er við almenningssamgöngur á Strútsstíg, en ekki við Sveinstind-Skælinga. Þá vantar merkingar á leiðinni, upplýsingaskilti og skilgreindan ábyrgðaraðila og opnunartímabil. Leiðin er merkt á aðalskipulagsáætlun Skaftárhrepps, en að hluta á Rangárþingi ytra.

Þjónusta		Athugasemdir:
Gisting/tjaldstæði		Gistimöguleika eru í náttstað á öllum dagleiðum.
Salerni		Salerni eru í náttstað á hverri dagleið.
Almenningssamgöngur		Tenging við rútuferðir er í Hólaskjóli og Hvanngili, en ekki við Sveinstind.
Öryggi		
Merking (stíkur og vörður)		Leiðin er ekki merkt alla leiðina.
Upplýsingaskilti		Upplýsingaskilti vantar á leiðinni.
Fallvötn		Eingöngu tvö stærri fallvötn eru á leiðinni sem eru þó vanalega ekki til vandkvæða.
Leið í aðalskipulagi		Leiðin er ekki merkt á öllum aðalskipulagsáætlunum.
Ábyrgðaraðili		Enginn ábyrgðaraðili er skilgreindur fyrir leiðinni.
Skilgreint opnunartímabil		Skilgreint opnunartímabil á leiðinni vantar.



Strútsstígur - Sveinstindur



Gönguleið 8

Jöklaleið

Skaftafell - Höfn

Lengd: 134 km

Sveitarfélag/félög: Sveitarfélagið Hornafjörður.

Aðgengi björgunarsveita: Gott aðgengi björgunarsveita er víðast hvar að leiðinni, enda er leiðin mjög nálægt þjóðvegi 1. Leiðin fer yfir margar jökulár, en gera má ráð fyrir að jökulhlaup séu ein helsta ógn við ferðamenn á leiðinni.

Lýsing leiðar/athugasemdir:

Leiðin tengir saman Höfn í Hornafirði og Skaftafell í Öræfum. Stutt er í þjónustu víðast hvar á leiðinni, nema milli Hofs og Hala í Öræfum og góð tenging við almenningssamgöngur. Leiðin liggur lágt, sem eykur nýtingarmöguleika hennar yfir allt árið. Bæta þarf gistingarmöguleika, salerni, merkingar, upplýsingaskilti, brýr yfir stærri fallvötn, skilgreindan ábyrgðaraðila og opnunartímabil auk birtingu leiðar á aðalskipulagsáætlun, en þessi atriði eru í vinnslu.


Þjónusta		Athugasemdir:
Skálar/gisting		Ekki eru gistingarmöguleika í náttstað á öllum dagleiðum.
Salerni		Salerni eru ekki í náttstað á hverri dagleið.
Almenningssamgöngur		Tenging er við almenningssamgöngur.
Öryggi		
Merking (stíkur og vörður)		Afmarkaðir hlutar leiðarinnar eru stíkaðir.
Upplýsingaskilti		Upplýsingaskilti eru ekki við upphaf og endi hverrar dagleiðar.
Fallvötn		Ekki eru öll stærri fallvötn brúuð.
Leið í aðalskipulagi		Leiðin er að hluta merkt á aðalskipulagsáætlun.
Ábyrgðaraðili		Enginn ábyrgðaraðili er skilgreindur fyrir leiðinni.
Skilgreint opnunartímabil		Skilgreint opnunartímabil á leiðinni vantar.

Tilbúið

Í vinnslu

Biðflokkur





*Tekið skal fram að kortið er ekki hugsað sem göngukort, heldur aðeins til stefnumótunar og þróunar. Leiðirnar eru enn í vinnslu. Göngufólk skyldi því ávallt leita frekari upplýsinga á göngukortum hverrar leiðar.

-  Gisting
-  Tjaldsvæði
-  Sundlaug/heit böð

Heimildir:
Landmælingar Íslands 2013
www.south.is
www.sundlaug.is
Þúsund og ein þjóðleið

Gönguleið 9

Austurstræti

Lón - Fljótsdalur

Lengd: 80 km

Sveitarfélag/félög: Hornafjörður og Fljótsdalshreppur.

Aðgengi björgunarsveita: Aðgengi björgunarsveita er nokkuð gott á leiðinni, fyrir utan tvær dagleiðir, milli Geldingafells og Múlaskála.


Lýsing leiðar/athugasemdir:

Leið um hálendið austan Vatnajökuls. Leiðin liggur hátt og snjóalög leysir seint, sem gæti takmarkað nýtingu leiðarinnar. Gistimöguleika og salerni vantar aðeins í einum náttstað á leiðinni, en gert er ráð fyrir skála á þeim stað samkvæmt aðalskipulagsáætlun. Bæta þarf tengingu við almenningssamgöngur, merkingar, upplýsingaskilti, brýr yfir stærri fallvötn, birtingu leiðar á aðalskipulagsáætlun og skilgreindan ábyrgðaraðila. Þá þarf einnig að skilgreina opnunartímabil leiðarinnar.

Þjónusta		Athugasemdir:
Skálar/gisting		Gistimöguleika eru ekki í náttstað á öllum dagleiðum.
Salerni		Salerni eru ekki á hverri dagleið.
Almenningssamgöngur		Tengingu við almenningssamgöngur vantar.
Öryggi		
Merking (stikur og vörður)		Afmarkaðir hlutar leiðarinnar eru stikaðir.
Upplýsingaskilti		Upplýsingaskilti vantar við upphaf og endi hvernar dagleiðar.
Fallvötn		Nýleg brú er yfir Jökulsá í Lóni og til stendur að brúa Viðidalsá við Egilssel og Blöndu við Geldinafellsskála.
Leið í aðalskipulagi		Leið er ekki birt á aðalskipulagsáætlunum.
Ábyrgðaraðili		Enginn ábyrgðaraðili er skilgreindur fyrir leiðinni.
Skilgreint opnunartímabil		Skilgreint opnunartímabil á leiðinni vantar.
		Tilbúið Í vinnslu Biðflokkur



Austurstræti



Gönguleið 10

Öskjuvegur

Herðubreiðarlindir - Svartárkot

Lengd: 66 km

Sveitarfélag/félög: Skútustaðahreppur.

Aðgengi björgunarsveita: Aðgengi björgunarsveita er ekki gott á leiðinni, þar sem leiðin liggur hátt og snjó leysir seint.


Lýsing leiðar/athugasemdir:

Farið frá Herðubreiðalindum, um Öskju og að Svartárkoti. Leiðin liggur hátt og snjóalög leysir seint, sem gæti takmarkað nýtingu leiðarinnar. Þá er aðgengi að vatni erfitt á hluta leiðarinnar, og þarf því að bera með sér. Gistimöguleikar eru til staðar í náttstað á öllum dagleiðum. Tengingu við almenningssamgöngur, merkingar, upplýsingaskilti, skilgreindan ábyrgðaraðila og opnunartímabil er ábótavant.

Þjónusta		Athugasemdir:
Skálar/gisting		Gistimöguleikar eru í náttstað á öllum dagleiðum.
Salerni		Ekki eru til staðar salerni opinn almenningi á öllum dagleiðum.
Almenningssamgöngur		Tengingu vantar við almenningssamgöngur.
Öryggi		
Merking (stikur og vörður)		Afmarkaðir hlutar leiðarinnar eru stikaðir.
Upplýsingaskilti		Upplýsingaskilti eru ekki við upphaf og endi hverrar dagleiðar.
Fallvötn		Engin stór fallvötn eru á leiðinni.
Leið í aðalskipulagi		Leið er merkt á aðalskipulagsáætlun.
Ábyrgðaraðili		Enginn ábyrgðaraðili er skilgreindur fyrir leiðinni.
Skilgreint opnunartímabil		Skilgreint opnunartímabil á leiðinni vantar.



Öskjuvegur



Gönguleið 11

Víknaslóðir

Borgarfjörður Eystri - Mjóifjörður

Lengd: 51 km

Sveitarfélag/félög: Borgarfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður.

Aðgengi björgunarsveita: Aðgengi björgunarsveita er gott á leiðinni.


Lýsing leiðar/athugasemdir:

Víknaslóð er ein besta gönguleið landsins þar sem viðhald er afar gott, leiðir vel merktar og góð upplýsingaskilti til staðar. Leiðin uppfyllir því kröfur um helstu innviði og því fá atriði sem ættu að koma í veg fyrir að leiðin gæti orðið hluti íslenskra þjóðstíga, fyrir utan þá staðreynd að skilgreindan ábyrgðaraðila og opnunartímabil vantar.

Þjónusta		Athugasemdir:
Skálar/gisting		Gistimöguleika eru í náttstað á öllum dagleiðum.
Salerni		Salerni eru í náttstað á hverri dagleið.
Almenningssamgöngur		Tenging er við almenningssamgöngur.
Öryggi		
Merking (stikur og vörður)		Leiðin er stikuð alla leiðina.
Upplýsingaskilti		Upplýsingaskilti eru við upphaf hvers leiðarhluta.
Fallvötn		Öll stærri fallvötn eru brúuð á leiðinni.
Leið í aðalskipulagi		Leið er birt á aðalskipulagsáætlunum.
Ábyrgðaraðili		Enginn ábyrgðaraðili er skilgreindur fyrir leiðinni.
Skilgreint opnunartímabil		Skilgreint opnunartímabil á leiðinni vantar.



Víknaslóðir



Gönguleið 12

Galdraslóð

Hólmavík - Norðurfjörður

Lengd: 53 km

Sveitarfélag/félög: Strandabyggð, Kaldrananeshreppur og Árneshreppur.

Aðgengi björgunarsveita: Aðgengi björgunarsveita er gott á leiðinni.


Lýsing leiðar/athugasemdir:

Gönguleið milli Hólmavíkur og Norðurfjarðar. Mikið tækifæri þar sem mörg fyrirtæki eru starfrækt í ferðapjónustu á svæðinu. Gistiaðstöðu og salerni vantar hins vegar á leiðinni milli Hólmavíkur og Djúpavík, en einnig er tengingu við almenningssamgöngur, merkingar og upplýsingaskilti ábótavant. Þá vantar að birta leið á aðalskipulagsáætlun, skilgreindan ábyrgðaraðila og opnunartímabil.

Þjónusta		Athugasemdir:
Skálar/gisting		Gistimöguleika eru ekki í náttstað á öllum dagleiðum.
Salerni		Ekki eru til staðar salerni opinn almenningi á öllum dagleiðum.
Almenningssamgöngur		Tengingu vantar við almenningssamgöngur.
Öryggi		
Merking (stíkur og vörður)		Leiðin er ómerkt.
Upplýsingaskilti		Upplýsingaskilti eru ekki við upphaf og endi hvernar dagleiðar.
Fallvötn		Öll stærri fallvötn eru brúuð á leiðinni.
Leið í aðalskipulagi		Leið er ekki birt á aðalskipulagsáætlunum.
Ábyrgðaraðili		Enginn ábyrgðaraðili er skilgreindur fyrir leiðinni.
Skilgreint opnunartímabil		Skilgreint opnunartímabil á leiðinni vantar.



Galdraslóð



13.1 Nauðsynlega aðstöðu þyrfti að búa til á Trékyllisheiði til þess að hægt sé að ganga leiðina.

*Tekið skal fram að kortið er ekki hugsað sem göngukort, heldur aðeins til stefnumótunar og þróunar. Leiðirnar eru enn í vinnslu. Göngufólk skyldi því ávallt leita frekari upplýsinga á göngukortum hvernar leiðar.

- Gisting
- Tjaldsvæði
- Sundlaug/heit böð

Heimildir:
Landmælingar Íslands 2013
www.westfjords.is
www.sundlaug.is
Þúsund og ein þjóðleið

FERÐA
MALA
STOFA
ICELANDIC
TOURIST
BOARD

EFLA
VERKFRÆÐISTOFA

13. deiliteikning vegna tillögu að Íslenskum Þjóðstígmum.

DAGSETNING
07.07.2014
GERT
GRG
MÁLAV.
1:500.000
BLAÐSTÖÐ
A4

Skýringar

- Gönguleið
- Þéttbýli
- Vegir



Gönguleið 13

Hornstrandir

Furufjörður - Hesteyrarfjörður

Lengd: 79 km

Sveitarfélag/félög: Ísafjarðarbær.

Aðgengi björgunarsveita: Aðgengi björgunarsveita er erfitt að leiðinni. Einnig er símasamband óstöðugt á leiðinni.


Lýsing leiðar/athugasemdir:

Leiðin er vel þekkt og einstakur staður á heimsæðisvarða. Hins vegar er aðgengi björgunarsveita er mjög erfitt, og símasamband óstöðugt. Því er ekki talið ráðlegt að kynna leiðina frekar og beina þangað aukinni umferð ferðamanna þar sem leiðin hentar betur fyrir sérferðir þar sem leiðsögumenn eru með í för. Gistimöguleikar eru í náttstað á hverri dagleið, auk þess sem leiðin er merkt. Hins vegar vantar salerni, tengingu við almenningssamgöngur, upplýsingaskilti og skilgreindan ábyrgðaraðila og opnunartímabil.

Þjónusta		Athugasemdir:
Gisting/tjaldstæði		Gistimöguleika eru í náttstað á öllum dagleiðum.
Salerni		Ekki eru til staðar salerni opinn almenningi á öllum dagleiðum.
Almenningssamgöngur		Samgöngur mögulegar eftir samkomulagi.
Öryggi		
Merking (stíkur og vörður)		Leiðin er stíkuð alla leiðina.
Upplýsingaskilti		Upplýsingaskilti eru ekki við upphaf og endi hverrar dagleiðar.
Fallvötn		Engin stór fallvötn eru á leiðinni.
Leið í aðalskipulagi		Leið er birt á aðalskipulagsáætlun.
Ábyrgðaraðili		Enginn ábyrgðaraðili er skilgreindur fyrir leiðinni.
Skilgreint opnunartímabil		Skilgreint opnunartímabil á leiðinni vantar.



Hornstrandir



Gönguleið 14

Vesturfirðir

Brjánslækur - Bjargtangi

Lengd: 74 km

Sveitarfélag/félög: Vesturbyggð.

Aðgengi björgunarsveita: Aðgengi björgunarsveita er gott á leiðinni.


Lýsing leiðar/athugasemdir:

Vesturfirðir nefnist gönguleiðin frá Brjánslæk að Bjargtanga um Látrabjarg. Leiðin er merkt á aðalskipulagsáætlunum, en bæta þarf úr gistimöguleikum, salernum, tengingu við almenningssamgöngur, merkingum, og upplýsingaskiltum. Þá þarf að skilgreina ábyrgðaraðila og opnunartímabil.

Þjónusta		Athugasemdir:
Gisting/tjaldstæði		Gistimöguleikar eru ekki í náttstað á öllum dagleiðum.
Salerni		Ekki eru til staðar salerni opinn almenningi á öllum dagleiðum.
Almenningssamgöngur		Tenging er við almenningssamgöngur.
Öryggi		
Merking (stikur og vörður)		Leiðin er ekki stikuð alla leiðina.
Upplýsingaskilti		Engin upplýsingaskilti eru á leiðinni.
Fallvötn		Engin stór fallvötn eru á leiðinni sem þarf að brúa.
Leið í aðalskipulagi		Leiðin er að hluta birt á aðalskipulagsáætlun.
Ábyrgðaraðili		Enginn ábyrgðaraðili er skilgreindur fyrir leiðinni.
Skilgreint opnunartímabil		Skilgreint opnunartímabil á leiðinni vantar.



Vesturfirðir



*Tekið skal fram að kortið er ekki hugsað sem göngukort, heldur aðeins til stefnumótunar og þróunar. Leiðirnar eru enn í vinnslu. Göngufólk skyldi því ávallt leita frekari upplýsinga á göngukortum hvernar leiðar.



Gönguleið 15

Vatnaleið

Bifröst - Hnappadalur

Lengd: 51 km

Sveitarfélag/félög: Borgarbyggð.

Aðgengi björgunarsveita: Aðgengi björgunarsveita er gott á leiðinni.


Lýsing leiðar/athugasemdir:

Leiðin liggur eins og nafnið gefur til kynna milli vatna, en farið er framhjá fjórum vötnum: Hreðavatni, Langavatni, Hítarvatni og Hlíðarvatni. Leiðin er merkt á aðalskipulagsáætlun, en gistimöguleika og salerni vantar þó á löngum köflum leiðarinnar. Einnig vantar tengingu við almenningssamgöngur, merkingar, upplýsingaskilti og skilgreindan ábyrgðaraðila og opnunartímabil.

Þjónusta		Athugasemdir:
Skálar/gisting		Gistimöguleika eru ekki í náttstað á öllum dagleiðum.
Salerni		Ekki eru til staðar salerni opinn almenningi á öllum dagleiðum.
Almenningssamgöngur		Tengingu við almenningssamgöngur vantar.
Öryggi		
Merking (stikur og vörður)		Leiðin er ekki stikuð alla leiðina.
Upplýsingaskilti		Upplýsingaskilti eru ekki við upphaf og endi hvernar dagleiðar.
Fallvötn		Engin stór fallvötn eru á leiðinni.
Leið í aðalskipulagi		Leiðin er merkt á aðalskipulagsáætlun.
Ábyrgðaraðili		Enginn ábyrgðaraðili er skilgreindur fyrir leiðinni.
Skilgreint opnunartímabil		Skilgreint opnunartímabil á leiðinni vantar.



Vatnaleið



*Tekið skal fram að kortið er ekki hugsað sem göngukort, heldur aðeins til stefnumótunar og þróunar. Leiðirnar eru enn í vinnslu. Göngufólk skyldi því ávallt leita frekari upplýsinga á göngukortum hvernar leiðar.

- Gisting
- Tjaldsvæði
- Sundlaug/heit böð

Heimildir:
Landmælingar Íslands 2013
www.west.is
www.sundlaug.is
Þúsund og ein þjóðleið

FERÐA MÁL STOFA ICELANDIC TOURIST BOARD EFLA VERKFRÆÐISTOFA	16. deiliteikning vegna tillögu að Íslenskum Þjóðstífum.	DAGSETNING 07.07.2014 GRG MÁLSTYR 1:500.000 BLAÐSTÖÐ A4	Skýringar Gönguleið Þéttbýli Vegir	Heimildir: Landmælingar Íslands 2013 www.west.is www.sundlaug.is Þúsund og ein þjóðleið
---	---	---	---	---

